



Lögreglunám við Háskóla Íslands

**Greinargerð í tengslum við val á háskóla til að annast
lögreglunám á háskólastigi, skv. 14. gr. og 40. gr. laga um opinber
innkaup nr. 84/2007**



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Nám í lögreglufræði til 120 eininga í Lagadeild Háskóla Íslands.	6
2.1. Inngangur	6
2.2. Aðstaða Háskóla Íslands og Keilis og þjónusta við nemendur	6
2.2.1. Aðstaða og þjónusta	6
2.2.2. Móttaka lögreglunema í Háskóla Íslands	7
2.2.3. Um aðstöðu Keilis á Ásbrú	7
2.3. Mat á störfum og fyrra námi starfandi lögreglumanna.....	7
2.4. Uppbygging diplómanámsins og hæfniviðmið námsleiðarinnar.....	8
2.4.1. Starfstengt nám á háskólastigi.....	8
2.4.2. Staðarnám eða fjarnám	8
2.4.3. Markmið og almenn hæfniviðmið námsleiðarinnar	8
2.4.4. Almenn um námsskipulagið að teknu tilliti til hæfniviðmiða og lögreglulaga	9
2.4.5. Skipulag námsins miðað við fjögur full kennslumisseri (tvö skólaár)	10
2.4.6. Tillaga um upphaf námsins árið 2016	11
2.4.7. Möguleikar á sveigjanleika í uppbyggingu námsleiðarinnar	12
2.4.8. Tungumálapekking lögreglumanna	12
2.4.9. Gjaldtaka í náminu.....	13
2.4.10. Inntökuskilyrði	13
2.5. Lokaorð um hina almennu lýsingu námsleiðarinnar.....	13
3. Drög að lýsingu einstakra námskeiða	14
3.1. Fyrsta námsmisseri.....	14
3.2. Annað námsmisseri.....	19
3.3. Þriðja námsmisseri	24
3.4. Fjórða námsmisseri	29
4. Framtíðarsýn háskólans og möguleikar á þróun lögreglunáms.....	37
4.1. Almenn	37
4.2. Þróun námsins	37
4.3. Rannsóknir og nýsköpun í lögreglufræðum	37
4.4. Tengsl við símenntun og endurmenntun lögreglumanna	38
5. Rekstraráætlun	39
5.1. Inngangur	39
5.2. Kostnaðaráætlun vegna náms í lögreglufræðum við Háskóla Íslands.....	39
5.3. Skýringar við áætlunina	40
6. Framkvæmdaráætlun	41
7. Upplýsingar um hæfi kennara og þjálfun í starfi.....	42
7.1. Almenn um hæfi kennara við Háskóla Íslands.....	42
7.2. Endurmenntun og þjálfun háskólakennara.....	42
7.3. Kennarar við námsleið í lögreglufræðum.....	42

8. Gæðatrygging náms í lögreglufræðum	44
8.1. Innra gæðakerfi Háskóla Íslands.....	44
8.1.1. Forsendur gæðakerfisins	44
8.1.2. Markmið gæðakerfisins.....	44
8.1.3. Umfang gæðakerfisins	45
8.2. Ytra gæðaeftirlit	45
9. Upplýsingar um hæfnikröfur vegna inntöku á námsleiðina	46
10. Upplýsingar um framkvæmd inntökuferils í lögreglufræði.....	47
Viðauki 1. Greinargerð Háskóla Íslands og Keilis frá 16. des. 2015.....	48
Viðauki 2. Staðfesting á viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins á fræðasviði félagsvísinda við Háskóla Íslands.....	53
Viðauki 3. Drög að reglum um diplómanám í lögreglufræðum.....	54
Viðauki 4. Nánari upplýsingar um hugmyndir háskólans um möguleika á áframhaldandi þróun á lögreglufræðinámi innan Háskóla Íslands.....	57

1. Inngangur

Vísað er til tölvubréfs, dags. 1. júlí sl. frá Ríkiskaupum, fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðherra, þar sem óskað er eftir að Háskóli Íslands taki þátt í opnu ferli í tengslum við val á háskóla til að annast nám í lögreglufræðum á háskólastigi, merkt „20336 lögreglufræðum á háskólastigi“. Háskóli Íslands var stofnaður árið 1911 og uppfyllir því skilyrði valferlisins um aldur háskóla. Háskólinn hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis á öllum meginfræðasviðum háskóla, þ.m.t. á sviði félagsvísinda (lögfræði og sálfræði) og á sviði menntavísinda (íþróttufræði) og uppfyllir þar með öll tilgreind skilyrði um þátttöku í ferlinu. (Sjá nánar í viðauka 2).

Að beiðni starfshópanna tveggja sem komu að undirbúningi frumvarps til laga um breytingu á lögreglufræðum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (menntun lögreglu), áttu fulltrúar Háskóla Íslands nokkra fundi með fulltrúum úr starfshópunum og verkefnisstjóra, haustið 2015 og í ársbyrjun 2016, þar sem ræddar voru hugmyndir starfshópanna um breytt fyrirkomulag menntunar lögreglu.

Jafnframt brást Háskóli Íslands við erindi er barst frá innanríkisráðuneytinu, dags. 17. nóvember 2015, um fyrirhugaða nýja skipan lögreglufræðis. Með fylgir til upplýsingar umsögn háskólans, dags. 16. desember 2015 (viðauki 1). Háskóli Íslands veitti jafnframt umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögreglufræðum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (menntun lögreglu). [Þingskjal 1215 – 742. mál.](#)

Háskóli Íslands leggur nú fram greinargerð sem felur í sér upplýsingar og svör við þeim spurningum sem óskað er eftir í skjali sem vísað var til framangreindu bréfi, dags. 1. júlí sl., „Auglýst ferli um val á aðila til að annast lögreglufræðum á háskólastigi“. Uppbygging greinargerðarinnar er eftirfarandi:

Í **kafla 2** er að finna almenna yfirsýn yfir tillögur háskólans um framkvæmd og útfærslu diplómanáms til lögreglufræða. Sérstök athygli er vakin á kafla 2.4.6. þar sem gert er grein fyrir því með hvaða útfærslu hægt væri að hefja nám þegar á haustmíssi 2016.

Í **kafla 3** eru lögð fram drög að lýsingu allra námskeiða í námsleiðinni, þ.e. miðað við 120 staðlaðar námseiningar (ECTS). Í **kafla 4** er lýst nánari framtíðarsýn, sérstaklega um möguleikann á að bjóða BA nám í lögreglufræðum.

Í **köflum 5 og 6** er lýst áætlunum um kostnað vegna námsins annars vegar og um ferli við gerð samninga, reglusetningu og inntöku nemenda hins vegar.

Í **kafla 7** er fjallað um hæfi kennara við háskólann og námsleiðina, í **kafla 8** um gæðakerfi háskólans og í **köflum 9 og 10** er að finna tillögur um inntöku og inntökuskilyrði nemenda í diplómanám í lögreglufræðum.

Greinargerðinni fylgja jafnframt tiltekna upplýsingar í viðaukum.

Margvísleg rök mæla með því að færa lögreglufræðum á háskólastig. Háskóli Íslands í samvinnu við Keili lýsir yfir áhuga á að annast nám í lögreglufræðum. Lögreglufræði yrði námsleið í Lagadeild og að hluta kennd á vettvangi Keilis á Ásbrú, einkum verklegi þátturinn. Miðað er við að nám í lögreglufræðum geti hafist í byrjun október 2016 (sjá nánar í framkvæmdar-áætlun).

Háskóli Íslands er alþjóðlega viðurkenndur háskóli með mikið og breitt námsframboð, þ. á m. í greinum sem nýttast vel í lögreglufræðum á háskólastigi. Í fræðilegum námskeiðum í Háskóla Íslands er lögð áhersla á beitingu þekkingar og þess gætt að hún sé nýtt til að leysa hagnýt verkefni. Aðstaða til verklegrar þjálfunar lögreglufræðis er til fyrirmyndar hjá Keili á Ásbrú.

Ríkislögreglustjóri, Landhelgisgæslan og fleiri aðilar nota þar nú þegar sérhæfða aðstöðu til æfinga. Í greinargerð Háskóla Íslands og Keilis frá 16. desember 2015 má sjá ítarlegri umfjöllun um aðstöðu Keilis á Ásbrú (sjá einnig kafla 2.2.3 og viðauka 1).

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á náðið samstarf við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu (MSSL) um þróun þessa náms á háskólastigi. Í ljósi þess hve skammur tími er til stefnu er afar brýnt að samráðsferli um nánari útfærslu lögreglunámsins hefjist um leið og ákvörðun valnefndar liggur fyrir.

Innan Háskóla Íslands er fyrir hendi mikil reynsla og þekking í tengslum við yfirfærslu náms á háskólastig. Það er háskólanum mikið kappsmál að vandað verði til verka við yfirfærslu lögreglunámsins. Tryggja þarf að námið standist almennar gæðakröfur og að brautskráðir nemendur í lögreglufræðum búi yfir nægri fræðilegri þekkingu og færni til að takast á við flókin löggæsluverkefni samtímans.

2. Nám í lögreglufræði til 120 eininga í Lagadeild Háskóla Íslands

2.1. Inngangur

Lagt er til grundvallar að 120 eininga diplómanám í lögreglufræðum verði starfstengd námsleið á háskólastigi, að námsleiðin verði vistuð innan Lagadeildar Háskóla Íslands, hún verði í meginatriðum útfærð sem staðarnám og að kennsla fari fram í húsnæði Háskóla Íslands og Keilis eftir atvikum. Eftir því sem við á kunni verk- og starfsnám jafnframt að fara fram við lögregluembætti.

Viðfangsefni þessa kafla er að lýsa almennum hugmyndum Háskóla Íslands um uppbyggingu námsleiðarinnar, helstu áherslum og hæfniviðmiðum og þeim möguleikum sem háskólinn býður um upphaf námsins. Í kaflanum er því að finna lýsingu á þeirri meginhugmynd sem háskólinn hefur um það námsfyrirkomulag og samning sem gerður yrði við hann um nám í lögreglufræðum. Í öðrum köflum greinargerðarinnar eru mikilvæg atriði nánar útfærð, s.s. um útreikning á kostnaði, kennara í náminu, framtíðarsýn háskólans um námið o.fl., eins og sjá má af efnisyfirliti greinargerðarinnar og stuttu yfirlit yfir efni hennar í kafla 1 hér að framan.

2.2. Aðstaða Háskóla Íslands og Keilis og þjónusta við nemendur

Aðstaðan við Háskóla Íslands og Keili og þær hefðir sem myndast hafa um nám innan þessara stofnana fela í sér margvísleg tækifæri til uppbyggingar faglegs og metnaðarfulls náms í lögreglufræðum.

2.2.1. Aðstaða og þjónusta

Háskóli Íslands starfar í 26 byggingum á fjórum svæðum, í Vatnsmýrinni, við Landspítalann á Hringbraut, í Stakkahlíð og á Laugarvatni. Nemendum Háskóla Íslands stendur til boða margvísleg þjónusta frá Háskóla Íslands og Félagsstofnun Stúdenta (FS):

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands (NSHÍ)

Náms- og starfsráðgjöf veitir verðandi og skráðum stúdentum við Háskóla Íslands upplýsingar um námsframboð og ráðgjöf um námsval. Einnig stendur NSHÍ fyrir ýmsum námskeiðum, vinnustofum og örfyrirlesturum um vinnubrögð í námi, notkun hugkorta og vinnu við lokaverkefni, prófaundirbúning o.fl.

Tölvuþjónusta og tölvuver

Reiknistofnun veitir nemendum aðstoð við tölvumál, uppsetningu nauðsynlegra forrita, sér um Uglu, innri vef og kennsluvef háskólans, heldur úti 16 tölvuverum og rekur þjónustuborð á Háskólatorgi þar sem nemendur geta komið með fartölvur sínar og fengið aðstoð við hverskyns tölvutengd mál.

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Bókasafn háskólans er í Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni. Bókasafnið er það stærsta á landinu með um 900.000 bækur, tímarit og önnur gögn. Í bókasafninu eru umfangsmikil vinnu- og lesaðstaða fyrir nemendur Háskóla Íslands auk sérhæfðrar vinnuaðstöðu fyrir hópa. Þar að auki sér safnið um aðgang háskólans að um 27.000 rafrænum vísindatímaritum, gagnasöfnum og uppsláttaritum.

Félagsstofnun stúdenta (FS)

FS er þjónustufyrirtæki í eigu stúdenta sem selur þjónustu til stúdenta á kostnaðarverði. Þjónusta FS skiptist í:

- Stúdentagarða FS, sem reka um 1.100 stúdentaíbúðir á háskólasvæðinu og í nágrenni Háskóla Íslands.

- Bóksölu stúdenta, sem rekur sína verslun á Háskólatorgi auk útibús í Háskólanum í Reykjavík.
- Leikskóla stúdenta sem eru þrír talsins, allir staðsettir á háskólasvæðinu.
- Hámu og kaffistofur stúdenta sem eru níu talsins og er dreift um háskólasvæðið.
- Stúdentakjallarann á Háskólatorgi.
- Stúdentamiðlun, sem sér um að miðla húsnæði og atvinnutækifærum fyrir stúdenta í gegnum þar til gerða vefsíðu.

2.2.2. Móttaka lögreglunema í Háskóla Íslands

Lögð er rík áhersla á að taka vel á móti nýnemum og eru þeir boðnir velkomnir í Háskóla Íslands á fyrstu dögum náms þeirra. Hefðbundin móttaka nýnema felur í sér kynningarfundir þar sem aðstaða háskólans og þjónusta sem stendur nemendum til boða er kynnt. Algengum spurningum nýnema er svarað auk þess sem kennarar og starfsfólk deildar er kynnt fyrir nemendum.

Því til viðbótar stendur Stúdentaráð Háskóla Íslands fyrir Nýnemadögum, þar sem nýnemum standa til boða gönguferðir um háskólasvæðið og kynning á háskólanum frá samnemendum sínum í hinum ýmsu deildum. Deildir keppa sín á milli í íþróttaviðburðum, tónleikar og annars konar viðburðir eru haldnir bæði á Háskólatorgi og í Stúdentakjallaranum og þjónusta Stúdentaráðs við nemendur er kynnt. Nemendafélögin standa að jafnaði fyrir sérstakri móttöku innan sinna deilda.

2.2.3. Um aðstöðu Keilis á Ásbrú

Höfuðstöðvar Keilis eru í 5.500 fermetra aðalbyggingu sem áður var gagnfræðiskóli í eigu varnarliðsins á miðri Ásbrú. Að auki starfrækir Keilir flugskýli fyrir 9 flugvélar sínar, 1.000 fermetra smiðju fyrir flugvirkjun og um 200 fermetra aðstöðu fyrir verklegt flugnám. Auk almennra kennslustofa eru í aðalbyggingu rannsóknarstofa í efnafræði og hátækni. Mötuneyti og Upplýsingatorg eru innan veggja aðalbyggingar. Um almenna þjónustu fyrir nemendur Keilis má lesa á [heimasíðu skólans](#). Á Ásbrú eru um 2.000 íbúðir. Keilir annast útleigu tæplega helmings þeirra. Um 10 ferðir á vegum Strætó eru daglega á milli Ásbrúar og höfuðborgarsvæðisins. Nemendur greiða gjald sem nemur innanbæjarferð í Reykjavík.

Svæðið umhverfis Keflavíkurlugvöll er afgirt. Þar býr Landhelgisgæslan yfir aðstöðu til æfinga með skotvopn, sprengjuleit, forgangsakstur o.fl. Í Helguvík hafa á vegum Landhelgisgæslunnar verið stundaðar æfingar í sjúköfun og sjósundi ásamt ýmsum öðrum sjótengdum verkefnum. Isavia ræður yfir eldvarnarhermi innan girðingar á Keflavíkurlugvelli. Í dag er sú aðstaða nýtt af Ríkislögreglustjóra til æfinga fyrir starfandi lögreglumenn. Þá nýtir Lögregluskólinn þessa aðstöðu til verklegra æfinga og loks hafa Brunavarnir Suðurnesja komið upp einstaklega góðri aðstöðu til þjálfunar í eldvörnum á svæðinu.

2.3. Mat á störfum og fyrra námi starfandi lögreglumanna

Lögð verður áhersla á að greiða fyrir því að starfandi lögreglumenn fái fyrra nám og starf metið inn í nýtt starfstengt diplómanám í lögreglufræðum sem vistað verður í Lagadeild. Almennt gildir að námskeið sem lögreglumenn eða aðrir umsækjendur um námið hafa lokið ýmist í Lögregluskólanum, í háskóla eða annars staðar er metið í samræmi við viðmið sem námsstjórn lögreglunámsins setur. Starfandi lögreglumenn sem ekki hafa lokið stúdentsprófi geta lokið aðfaranámi við Háskólabrú Keilis en lokapróf þaðan veitir aðgang að öllum deildum Háskóla Íslands. Nánar er vikið að inntöku í lögreglunámið í kafla 9.

2.4. Uppbygging diplómanámsins og hæfniviðmið námsleiðarinnar

2.4.1. Starfstengt nám á háskólastigi

Eins og fyrr segir er í greinargerð þessari gert ráð fyrir að nám í lögreglufræðum verði skilgreint sem sérstök námsleið við Háskóla Íslands, nánar tiltekið sem starfstengt nám á háskólastigi (fyrsta þrep 1.1, 120 námseiningar (ECTS), [sbr. auglýsingu nr. 530/2011](#)). Höfð var hliðsjón af skipulagi og námskrám sem gilda um menntun lögreglumanna á Norðurlöndum. Í því skyni voru meðal annars skoðuð gögn frá [norska Politihøgskolen 2016-2019](#), [danska Politiskolen](#), [finnska Polisyrkehögskolan](#) og [sænska Polishögskolan](#). Jafnframt var höfð hliðsjón af *Lögreglunám á Íslandi, skýrsla starfshóps um endurskoðun á lögreglunámi* (2015), *Tillögur að framtíðarskipan lögreglumenntunar á Íslandi* (2014), upplýsingum og matsforsendum í útboðslýsingu Ríkiskaupa, ásamt viðeigandi lögum og lögskýringargögnum. Einnig var rætt við ýmsa aðila sem með einum eða öðrum hætti hafa komið að menntun lögreglu.

Við það er miðað að kennsla í diplómanámi til lögreglufræða geti hafist í október nk. og að áfram verði unnið að þróun námskrár og skipulagi námsins í samstarfi við MSSL. Sérstaklega er fjallað um þá möguleika sem fyrir hendi eru um upphafs námsins í kafla 2.4.6. og 2.4.7.

2.4.2. Staðarnám eða fjarnám

Í meginatriðum er á því byggt að nám í lögreglufræðum verði staðarnám og að kennsla fari fram í húsnæði Háskóla Íslands og í húsnæði Keilis eftir atvikum. Nokkuð snúið kann að vera að koma fjarnámi við í náminu þar sem í því er umtalsvert leitast við að flétta saman verklegum æfingum og þjálfun við fræðilega hluta námsins. Slíkir kennsluhættir kalla á virka þátttöku nemenda í náminu og t.d. er víða gerð krafa um mætingarskyldu í starfsnámi við Háskóla Íslands. Leggja mætti þess í stað áherslu á að starfsþjálfun verði við lögregluembætti og að nemendur verði hvattir til að taka hluta hennar utan höfuðborgarsvæðisins.

Þrátt fyrir ofangreint er sá möguleiki fyrir hendi að valin námskeið innan námsleiðarinnar verði í boði sem fjarnámskeið fyrir þá nemendur sem það vilja. Háskóli Íslands kennir flestum fjarnemum í háskólum á Íslandi og býr yfir öllum þeim búnaði, þekkingu og reynslu sem nauðsynleg er til að kenna námskeið í fjarnámi. Kennslumiðstöð Háskóla Íslands veitir kennurum leiðsögn og kennslu í góðri skipulagningu fjarnámskeiða og nýtingu tækni við fjarkennslu. Kennarar geta t.a.m. nýtt sér hljóðupptökuklefa sem eru víða á háskólasvæðinu við upptökur á kennsluefni og fjarkennsluhugbúnað eins og Moodle, Uglu og Menntabruna. Fyrirlestraralir háskólans eru búnir tölvum, hljóðnemum, upptökuhugbúnaði, rafrænum skrifspjöldum o.fl., sem nauðsynlegt er til að koma efni til skila til nemenda í fjarnámi

2.4.3. Markmið og almenn hæfniviðmið námsleiðarinnar

Markmið diplómanáms í lögreglufræðum, sem er starfstengt nám á háskólastigi, er að koma til móts við þarfir samfélagsins um kennslu og rannsóknir í lögreglufræðum. Markmiðið er enn fremur að mennta og brautskrá nemendur sem hafa öðlast hæfni til þess að fást við löggæsluverkefni samtímans og þann fræðilega grunn og þjálfun sem nauðsynlegur er til að aðlagast fjölbreyttum löggæsluverkefnum framtíðar. Með náminu er fullnægt kröfum lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 61/2016, um diplómapróf í lögreglufræðum. Í samræmi við ákvæði nefndra laga er námið skipulagt sem 120 staðlaðar námseiningar (ECTS), þar með talið er starfsnám.

Til grundvallar diplómanámsleiðinni í heild sinni liggja almenn hæfniviðmið sem eru eftirfarandi:¹

Að námi loknu á nemandi að:

Þekking

1. Þekkja fjölbreytt hlutverk lögreglu og stofnanir réttarvörslukerfisins.
2. Hafa öðlast innsæi í grundvallarkenningar og hugtök lögreglufræðinnar.
3. Hafa þekkingu til að byggja ákvarðanir sínar á lögfræðilegum heimildum og mannlegum aðstæðum.
4. Geta greint gagnreyndar aðferðir lögreglufræðinnar frá öðrum aðferðum.
5. Skilja og þekkja mikilvægi og stöðu lögreglufræðinnar í víðu samhengi.

Leikni

1. Vera á grundvelli þekkingar sinnar fær um að undirbúa, skipuleggja og framkvæma löggæsluverkefni og rannsaka sakamál.
2. Skilgreina og lýsa hlutverki lögreglu á skipulagðan og skiljanlegan hátt.
3. Beita framsýnni hugsun og setja fram markmið og áætlanir um verkefni sín.
4. Nýta sér bestu grundvallarfærni og tækni í löggæslu hverju sinni.
5. Þekkja og beita siðareglum í samskiptum við borgara og samstarfsmenn.
6. Hafa tileiknað sér þau fræðilegu atriði og rannsóknarniðurstöður sem þarf til að leita nýrra leiða við lausn á nýjum áskorunum í löggæslustörfum.
7. Beita tölulegum og grafískum gögnum við greiningu og úrlausn viðfangsefna lögreglunnar og leggja mat á þær aðferðir sem notaðar eru.

Hæfni

1. Beita sjálfstæðum vinnubrögðum í lögreglufræðum til að þróa sig í starfi.
2. Geti framkvæmt helstu löggæsluverkefni.
3. Vinna sjálfstætt og skipulega í samvinnu við aðra.
4. Geti greint sakarefni, framkvæmt grunnrannsókn sakamáls og greint hvenær þörf er á sérþekkingu til slíkra rannsókna.
5. Geta skipulagt og forgangsraðað störfum sínum.
6. Sýna sjálfstæði og siðferðislega háttvísi í vinnubrögðum.

Auk framangreindra hæfniviðmiða námsleiðarinnar í heild eru skilgreind hæfniviðmið fyrir einstök námskeið, sbr. lýsingu í kafla 3. Áréttað skal að Háskóli Íslands gerir ráð fyrir að skipuð yrði sérstök námsstjórn fyrir námsleiðina sem móti frekari áherslur í náminu, uppbyggingu þess og áherslur í einstökum námskeiðum.

2.4.4. Almenn um námsskipulagið að teknu tilliti til hæfniviðmiða og lögreglulaga

Í samræmi við hæfniviðmið lögreglufræðanámsins og að teknu tilliti til 2. gr. lögreglulaganna hefur við hugmyndavinnu innan Háskóla Íslands verið horft til þess að námsskipulag í lögreglufræðum megi byggja upp á grundvelli fjögurra meginþátta, sem á almennan hátt er ætlað að endurspeglar margþætt hlutverk lögreglumanna. Þessir þættir eru (i) almenn löggæsla, (ii) aðferðir og aðferðafræði, (iii) starf og þjálfun og (iv) rannsókn mála.

Fyrsti þátturinn skírskotar til yfirgripsmikils þjónustu- og fyrirbyggjandi hlutverks lögreglunnar í fjölbreyttu samfélagi og þeirra áskorana sem því fylgja. Undir þennan þátt

¹ Grunnur þessara hæfniviðmiða byggist á *Lögreglunám á Íslandi, skýrsla starfshóps um endurskoðun á lögreglunámi* (2015), bls. 25-26. Hér hefur þó verið bætt við vissum þáttum þannig að ljóst sé að sá sem útskrifaður er úr diplómanáminu þekki uppbyggingu stofnana lögreglunnar og ákærvalds, sé fær um helstu aðferðir og aðgerðir við rannsókn sakamála og geti á grundvelli námsins tryggt rannsóknarhagsmuni og sönnunargögn í upphafi máls og geti afmarkað sakarefni (afbrot). Með því er leitast við að lýsa því að sá sem lokið hefur diplómanáminu hafi bæði þekkingu og getu til að annast almenna löggæslu og grunnrannsókn sakamála.

fellur almennt nám í lögreglufræðum, stjórnsýsluréttur, stjórnskipunarréttur, afbrotafræði, sálfræði, siðfræði og fleiri tengd fög. Kjarninn í öðrum þætti eru aðferðir og aðferðafræði í viðtækri merkingu sem nemendur þurfa að tileinka sér, þar á meðal vinnulagsnámskeið og almenn lögfræði. Undirliggjandi þeim þriðja eru ýmis atriði sem lúta að ákveðnum þáttum starfsnáms og þjálfun lögreglumanna. Þar undir falla verkleg námskeið og starfsnám sem og líkamleg þjálfun og almenn þjálfunarlífeðlisfræði. Fjórði og síðasti þátturinn lýtur að rannsókn mála og grundvelli nauðsynlegrar hæfni á því sviði. Til hans teljast meðal annars refsiréttur og sakamálaréttarfar.

Við það er miðað að nánari útfærsla starfs- og verknáms, sem fyrst og fremst fellur undir þátt (iii), sbr. hér að framan, og kennsla í því námi verði á ábyrgð MSSL. Þar sem starfs- og verknám skal teljast til hinna 120 stöðluðu námseininga diplómanámsins er þó einnig gert ráð fyrir að nánara skipulag og framkvæmd verði ákveðið í samstarfi við Háskóla Íslands, sbr. ennfremur fyrirmæli laga og fyrirliggjandi útboðslýsingar. Að mati háskólans getur slíkt samstarf meðal annars falist í skipulagi námsins og ákvörðun um tilhögun námsmats. Með þeim hætti mun sérþekking háskólans á því hvernig verklegt nám er metið til staðlaðra námseininga á háskólastigi nýtast þótt MSSL muni annast hið verklega nám. Samstarf við MSSL er mikilvægt í tengslum við samtvinnun fræðilega þáttar námsins og hins verklega. Afstaða háskólans er sú að slík samtvinnun skuli eiga sér stað í sem flestum námskeiðum námsleiðarinnar, eftir því sem fært er.

2.4.5. Skipulag námsins miðað við fjögur full kennslumisseri (tvö skólaár)

Háskóli Íslands er tilbúinn að taka við nemendum í nám í lögreglufræðum þegar á haustmisseri 2016. Vegna þess hversu stuttur tími er til stefnu um útfærslu námsleiðarinnar, einstakra námskeiða og inntöku nýnema, mun kennsla þó ekki getað hafist í byrjun september eins og venja er í námi við háskólann. Við því er hægt að bregðast eins og nánar er gerð grein fyrir í næsta kafla (2.4.6). Áður en vikið er að þeirri útfærslu skal þó fyrst lýst meginhugmyndum Háskóla Íslands um uppbyggingu námsleiðarinnar.

Við almenna hugmyndavinnu innan Háskóla Íslands í tengslum við hina nýju námsleið í lögreglufræðum hefur verið unnið út frá þeirri hugmynd að námið fari fram á fjórum kennslumisserum þar sem námskeið hvers misseris telja 30 staðlaðar námseiningar (ECTS). Í samræmi við almennt skipulag náms við Háskóla Íslands muni námið skiptast í haustmisseri og vormisseri. Innan hvers misseris verði jafnframt hægt að kenna einstök námskeið í lotum eða yfir misserið í heild. Ef við þetta er miðað, þ.e. að hvert misseri sé fullar 30 einingar og fyrsta námsmisserið sé haustmisseri eins og venjan er við skipulag námsleiða við háskólann, þá gæti skipulag námsins litið út eins og í töflunni á næstu síðu:

Fyrsta misseri	Annað misseri	Priðja misseri	Fjórða misseri
Lögreglufræði I (4) Stjórnsýsluréttur I (2) Stjórnskipunarréttur (2) Mannréttindi (6)	Lögreglufræði III (4)	Stjórnsýsluréttur II (3) Afbrotufræði fyrir lögreglufræði (5) Hagnýting sálfræði í löggæslu (4) Siðfræði og fagmennska (3)	Fjölskylduréttur (1) Barnavernd og ofbeldi í fjölskyldum (2) Geðrænir og félagslegir erfiðleikar (5) Viðbrögð á vettvangi, viðtalstækni og sálræn skyndihjálpi (2) Málefni útlendinga (2) Jafnrétti og bann við mismunum (2) Jafnrétti, fjölmennung og margbreytileiki (3)
Lögreglufræði II (4)	Almenn lögfræði (7) Teymisvinna og þverfagleg samvinna (2)		Rannsókn mála og lögreglakerfið (6)
Almenn þjálfunarlíf-eðlisfræði (4)	Þjálfun lögreglumanna (2) Lögregluæfingar I (4) Lögregluæfingar II (4)	Lögregluæfingar III (4)	Lögregluæfingar IV (4)
Refsiréttur I (8)	Sakamálaréttarfar (7)	Refsiréttur II, refsingar og önnur viðurlög við afbrotum (3) Sakamálaréttarfar II (5) Réttarstaða brotþola og annarra í viðkvæmri stöðu (3)	Refsiréttur III, brot á sviði sérrefsilaga (3)

Tekið skal fram til skýringar að innan sviga í töflunni eru tilgreindar tillögur um einingar að baki hverju námskeiði. Þá má einnig sjá að viðfangsefnum námsins er í töflunni skipt í fjóra lárétta dálka (raðir). Sú skipting lýsir meginviðfangsefnum námsins, eins og þeim var lýst að ofan, þ.e. (i) almenn löggæsla, (ii) aðferðir og aðferðafræði, (iii) starf og þjálfun og (iv) rannsókn mála.

Háskólinn gerir ráð fyrir að hluti af námi nema í diplómanámi í lögreglufræðum felist í því að sækja námskeið eða fyrirlestra um „Vinnulag í háskólanámi“, sbr. nánari lýsingu á námskeiði þar um í kafla 3 hér að aftan. Ekki er nauðsynlegt að staðsetja þau námskeið (fyrirlestra) á tilteknu misseri námsins.

Rétt er að taka fram að í töflunni og í þeim námskeiðslýsingum sem fram koma í drögum að námskrá hér aftar hafa nokkrir starfs- og þjálfunartengdir þættir verið áætlaðir til eininga (ECTS). Mikilvægt er að hafa í huga að nánari útfærsla á hæfniviðmiðum fyrir þau námskeið og ákvörðun um hvernig námsmati yrði háttað þarf að fara fram í samstarfi við MSSL.

2.4.6. Tillaga um upphaf námsins árið 2016

Eins og áður segir er Háskóli Íslands tilbúinn að hefja kennslu í diplómanámi til lögreglufræða þegar í haust. Það er þó ekki raunhæft að hefja kennslu þegar í september 2016. Af þeirri ástæðu hefur háskólinn unnið drög að skipulagi sem gerir ráð fyrir að stytta fyrsta námsmiserið (haustmiseri 2016) um 10 staðlaðar námseinngar, og kenna þess í stað þann einingafjölda á sérstakri sumarönn 2017.

Í þessu felst að unnið yrði áfram með grunnskipulagið sem lýst er í kafla 2.4.5 en fyrstu misserin yrðu sem hér segir:

Fyrsta misseri – haust 2016	Annað misseri – vor 2017	Sumarönn – sumar 2017
Lögreglufræði I (2) Stjórnskipunarréttur (2)	Lögreglufræði III (6) Mannréttindi (6) Stjórnsýsluréttur I (2)	
Lögreglufræði II (4)	Almenn lögfræði (7) Teymisvinna og þverfagleg samvinna (2)	
Almenn þjálfunarlífeðlisfræði (4)		Þjálfun lögreglumanna (2) Lögregluæfingar I (4) Lögregluæfingar II (4)
Refsiréttur I (8)	Sakamálaréttarfar (7)	

Megintillaga Háskóla Íslands er sú að ofangreindu skipulagi (sbr. seinni töfluna hér að framan) verði fylgt fyrsta námsárið. Inntaka nýnema haustið 2017 verði hins vegar í eðlilegum farvegi miðað við það skipulag sem lýst er í kafla 2.4.5.

2.4.7. Möguleikar á sveigjanleika í uppbyggingu námsleiðarinnar

Tekið skal fram að skipulag námsleiðarinnar getur verið með öðrum hætti komi fram óskir um það. Háskólinn gerir samkvæmt framangreindu ráð fyrir að hægt sé að taka fyrstu nemendurnar inn í námið á haustmisseri 2016, sbr. nánar í framkvæmdaáætlun í kafla 3, að fyrsta námsmisserið verði 20 staðlaðar námseiningar – en á móti komi 10 eininga sumarönn árið 2017.

Aðrar úrlausnir eru einnig í boði. Háskólinn hefur til dæmis einnig gert ráð fyrir þeim möguleika, ef það er ósk viðsejenda hans, að fyrsta inntaka nemenda miðist við áramótin 2016 til 2017 og verði þá vormisserið 2017 fyrsta misseri diplómanáms til lögreglufræða.

Ef sú leið yrði valin að miða upphaf námsins við vormisseri (janúarmánuð) má telja líkur til (vegna kostnaðar) að farsælast yrði að halda því skipulagi til framtíðar og að inntaka nýnema í lögreglufræði yrði þá almennt miðuð við áramót en ekki haustmisseri. Í því felst jafnframt að tækifæri er fyrir nemendur að afla sér starfsreynslu sem sumarafleysingamenn, eða með öðrum hætti sem talinn er hentugur, yfir tvö sumur áður en þeir ljúka náminu. Í því felast án vafa tækifæri sem áhugavert væri að skoða nánar.

2.4.8. Tungumálaþekking lögreglumanna

Í skýrslunni *Lögreglunám á Íslandi* frá júní 2015, sem Háskóli Íslands hefur mikið litið til við gerð þessarar greinargerðar, kemur fram áhersla á að umsækjendur um nám í lögreglufræðum skuli hafa færni í ensku og einu öðru tungumáli.²

Tillaga Háskóla Íslands er að inntökuskilyrðin í diplómanámið (að undanskildum þeim skilyrðum sem tengjast starfsnámi, sem verða útfærð sérstaklega) verði almennt stúdentspróf. Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla felur slíkt próf í sér að lágmarki að nemandi hafi lokið ákveðnum kjarna í stærðfræði, íslensku og ensku. Samkvæmt lögum getur háskólinn þó sett frekari kröfur, m.a. um tungumálaþekkingu. Með því væri inntaka nema þó ef til vill takmörkuð um of.

Til að tryggja þekkingu þeirra sem útskrifast úr lögreglufræðum á tungumálum væri jafnframt hægt að gera kröfu um að nemandi á námsleiðinni tækju námskeið í ensku eða öðru tungumáli og lykju prófi í því. Háskóli Íslands hefur yfirburðaþekkingu og reynslu sem þarf til að bjóða slík námskeið. Það gæti til dæmis komið í stað tiltekinna námskeiða sem gerð er tillaga um að kennd verði á síðara námsári diplómanámsins (sbr. kafla 2.4.5.).

² Sjá m.a. bls. 28 í skýrslunni.

2.4.9. Gjaldtaka í náminu

Samkvæmt lögum um opinbera háskóla myndi Háskóli Íslands ekki taka skólagjöld af nemendum í diplómanámi í lögreglufræðum. Háskólinn innheimtir hins vegar skrásetningargjöld og myndi það gilda fyrir nemendur í lögreglufræðum með sama hætti og alla aðra nemendur við háskólann.

2.4.10. Inntökuskilyrði

Eins og nefnt var í kafla 2.4.8. gerir háskólinn það að tillögu sinni að inntökuskilyrði í diplómanámið sé í fyrsta lagi stúdentspróf úr framhaldsskóla, eða sambærileg menntun. Í öðru lagi að nemandi fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru vegna inntöku í starfsnám í lögreglufræðum, sbr. 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingu með lögum nr. 61/2016. Í þessu felst að aðeins þeir sem fullnægja báðum þessum þáttum fá skráningu á námsleiðina. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að nemendur af öðrum námsleiðum við háskólann geti skráð sig í einstök bókleg námskeið námsleiðarinnar og setið þau, eins og hefðbundið er í akademísku námi. Nánar er fjallað um framkvæmd og skilyrði fyrir inntöku nýnema í köflum 9 og 10.

2.5. Lokaorð um hina almennu lýsingu námsleiðarinnar

Eins og ráða má af framangreindu hefur Háskóli Íslands mótað allitarlegar tillögur að uppbyggingu diplómanáms í lögreglufræðum. Jafnframt hefur verið lýst möguleikum á mismunandi útfærslum um upphaf námsins á komandi háskólaári. Þá er í næsta kafla að finna lýsingar þeirra námskeiða sem háskólinn leggur til að hægt væri að kenna á námsleiðinni. Af þessu er ljóst að háskólinn er tilbúinn til að hefja kennslu við námsleiðina af krafti þegar samningar um verkefnið liggja fyrir.

Það er hins vegar einnig rétt að taka það fram að tilboð háskólans miðast við að þegar við upphaf námsins yrðu settar viðeigandi reglur um námið, skipuð námsstjórn yfir námsleiðina og ráðinn sérstakur verkefnisstjóri sem myndi sinna daglegri umsjón námsins.³ Við skipun námsstjórnarinnar, ráðningu verkefnisstjóra og í þeirri vinnu sem fram mun fara við endanlegt skipulag námsleiðarinnar og nánari mótun einstakra námskeiða mun gefast mikilvægt tækifæri til þess að tryggja að sérþekking á lögreglufræðum og starfsháttum og þörfum íslensku lögreglunnar fái viðeigandi sess. Í því sambandi er ljóst að huga þarf sérstaklega að því að einstakir kennarar hafi viðeigandi þekkingu í sambland við fræðilega hæfni sem og því að vel verði hlúð að samþættingu verklegra og fræðilegra þátta í náminu.

³ Sjá viðauka 3 með drögum að reglum fyrir námsleiðina.

3. Drög að lýsingu einstakra námskeiða

Hér er að finna drög að lýsingu á einstökum námskeiðum lögreglufræðanámsins og nöfn umsjónarkennara, nema þar sem þau liggja ekki fyrir. Að framan er búið að lýsa hugmyndum Háskóla Íslands um uppbyggingu námsleiðarinnar og þar með þeirri röð sem námskeiðin yrðu kennd í. Einstakar námskeiðslýsingar hafa verið unnar af viðkomandi kennurum (umsjónarmönnum námskeiðanna).

3.1. Fyrsta námsmisseri

Heiti námskeiðs: Lögreglufræði I (4 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennarar: Trausti Fannar Valsson, dósent við Lagadeild og NN.

Kennslutímabil: Fyrsta misseri.

Forkröfur: Engar forkröfur.

Almenn lýsing námskeiðsins: Námskeiðið felur í sér inngang að lögreglunáminu, ásamt þremur stuttum námskeiðum um Stjórnskipunarrétt, Stjórnsýslurétt og Mannréttindi sem einnig eru kennd á fyrstu önn námsins. Tilgangur námskeiðsins er að veita nemendum innsýn í hlutverk lögreglunnar í samfélaginu, helstu verkefni hennar og réttindi og skyldur lögreglumanna.

Fjallað verður um (i) lögreglunámið tilgang þess og uppbyggingu, (ii) sögulegan bakgrunn íslensku lögreglunnar annars vegar og almenna sögu og þróun löggæslu hins vegar, (iii) íslensku lögreglulögin, mismunandi verkefni og hlutverk lögreglunnar, (iv) réttarvörsluferfið í heild, innra stofnanakerfi lögreglunnar og alþjóðlegar stofnanir, (v) samfélagslega þýðingu lögreglunnar og mikilvæg hugtök í lögreglufræðum sem varða bæði almennt þjónustuhlutverk, fyrirbyggjandi aðgerðir, rannsókn mála o.s.frv. og (v) réttindi og skyldur lögreglumanna, þ.m.t. veitingu starfa, starfskyldur, starfskjör og starfslok. Náms efni, (i) Lögreglulög nr. 90/1996 og reglugerðir sem þeim tengjast. Verður gefið út sem fjölrít. (ii) Ágrip af sögu lögreglunnar, kynningarrit, útgefið af embætti Ríkislögreglustjóra 2003. (iii) Glærur og annað efni sem dreift verður rafrænt til nemenda.

Kennsla: Námskeiðið er hægt að kenna meðfram öðrum námskeiðum eða í lotu. Hægt er að kenna þetta námskeið í fjarnámi. Kennsla verður í formi fyrirlestra og umræðna um stutt raunhæf dæmi.

Námsmat: Blandað.

Hæfnivímið: Markmið námskeiðsins er að nemendur þekki tilgang og helstu verkefni lögreglunnar, ákvæði lögreglulaga, helstu hugtök sem tengjast lögreglufræðum, skipulag lögreglunnar og hlutverk, réttindi og skyldur lögreglumanna. Markmiðið með námskeiðinu er tvíþætt. Annars vegar, sem er meginefnið, að kynna lögreglustarfið. Hins vegar að setja viðfangsefni annarra námskeiða á önninni, þ.e. Stjórnskipunarréttar, Stjórnsýslaréttar, Siðfræði og Refsíréttar í samhengi við lögreglustarfið og álitaefni sem á reynir í störfum lögreglumanna.

Viðmið um þekkingu:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu skal þekkja (i) tilgang og sögu löggæslu og helstu verkefni lögreglunnar, (ii) ákvæði lögreglulaga og tengingu þeirra við aðrar almennar réttarreglur, (iii) helstu hugtök lögreglufræðanna og (iv) skipulag lögreglunnar og (v) réttindi og skyldur lögreglumanna.

Viðmið um leikni:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu skal hafa kunnáttu til þess að lýsa í grófum dráttum þeim atriðum sem gert er ráð fyrir að þeir þekki.

Viðmið um hæfni:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu skal hafa næga þekkingu til að geta lýst í grófum dráttum hlutverki lögreglunnar, fundið einstökum verkefnum lögreglunnar stað í viðeigandi ákvæðum lögreglulaga, lýst stofnanakerfi lögreglunnar, beitt helstu hugtökum lögreglufræðanna, lýst meginþáttum sem varða réttindi og skyldur lögreglumanna og aflað sér meiri þekkingar á sviði lögreglufræða.

Heiti námskeiðs: Stjórnsýsluréttur I (2 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Trausti Fannar Valsson, dósent við Lagadeild.

Kennslutímabil: Fyrsta misseri.

Forkröfur: Engar forkröfur.

Almenn lýsing námskeiðsins: Lögreglan er hluti íslensku stjórnsýslunnar. Lögregluembættin teljast til stjórnvalda og lögreglumenn til opinberra embættismanna. Sem handhafa opinbers stjórnsýsluvalds er lögreglunni (lögreglumönnum) falið að taka fjölda ákvarðana sem varða réttindi borgaranna. Til að lögreglumenn geti beitt valdi sínu á réttan og lögmætan hátt þurfa þeir þekkingu á helstu efnisreglum stjórnsýsluréttar og reglum um meðferð mála í stjórnsýslu.

Markmið námskeiðsins er að veita nemum í lögreglufræðum yfirsýn yfir (i) íslenska stjórnsýslukerfið og stöðu lögreglunnar, lögregluembættanna og lögreglumanna innan þess, (ii) helstu tegundir verkefna og stjórnækja stjórnvalda með sérstakri áherslu á viðfangsefni lögreglunnar og (iii) stjórnsýslulögin og þýðingu stjórnsýslulaga fyrir störf lögreglunnar. Námskeiðið er fjölrít eftir Trausta Fannar Valsson. Fjölrítið verður gefið út af Bóksölu Úlfjóts í lok september 2016 komi til þess að námskeiðið verði kennt.

Kennsla: Námskeiðið er hægt að kenna meðfram öðrum námskeiðum eða í lotu. Hægt er að kenna þetta námskeið í fjarnámi. Kennsla verður í formi fyrirlestra og umræðna um stutt raunhæf dæmi.

Námsmat: Blandað.

Hæfnivímið: Markmið námskeiðsins er að nemendur þekki grundvallaratriðin í uppbyggingu stjórnsýslukerfisins, þekki helstu stjórnækni og verkefni stjórnvalda, þekki helstu reglur stjórnsýslulaganna og geti gert sér grein fyrir þýðingu þeirra í störfum lögreglunnar.

Viðmið um þekkingu:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu skal þekkja (i) grundvallarþætti stjórnsýslukerfisins, (ii) algengustu flokka af verkefnum og stjórnækum stjórnsýslunnar, (iii) helstu reglur stjórnsýslulaganna og (iv) þýðingu hugtakanna réttaröryggis og almannahagsmuna og þýðingu þeirra við beitingu stjórnsýslulaga.

Viðmið um leikni:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu skal hafa kunnáttu til þess að (i) lýsa grundvallarþáttum stjórnsýslukerfisins og stöðu lögreglunnar innan þess, (ii) flokka helstu verkefni og stjórnækni sem þýðingu hafa um löggæslu og (iii) greina í grófum dráttum hvenær stjórnsýslulög nr. 37/1993 eiga við í störfum lögreglunnar.

Viðmið um hæfni:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu skal hafa næga þekkingu (i) til að geta greint og metið á sjálfstæðan hátt einföld álítaefni sem tengjast uppbyggingu stjórnsýslukerfisins og meðferð stjórnsýslumála, (ii) til að þekkja til og geta lýst þeim almennu hagsmunum sem á reynir við meðferð stjórnsýslumála, (iii) til að geta tjáð sig um greiningu sína um þessa þætti á skýran hátt og (iv) til að geta aflað sér meiri þekkingar um stjórnsýslurétt.

Heiti námskeiðs: Stjórnskipunarréttur (2 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild.

Kennslutímabil: Fyrsta misseri.

Forkröfur: Engar forkröfur.

Almenn lýsing námskeiðsins: Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist þekkingu á grunnatriðum um stjórnskipun Íslands, eðli ríkisvalds og rökum að baki valdbeitingarheimildum handhafa ríkisvalds, þar á meðal lögreglu. Þýðing stjórnarskrár sem ædstu réttarheimildar verður rætt, hlutverk hennar í stjórnskipuninni svo og inntak hugmynda um stjórnarskrárhyggju og réttarríki. Lýst verður skipulagi framkvæmdarvaldsins með sérstakri áherslu á stofnanir refsivörslukerfisins og hlutverk ákærvalds og lögreglu. Þá er fjallað um stöðu dómstóla í stjórnskipuninni, hvernig sjálfstæði þeirra er tryggt og eftirlit þeirra með framkvæmdarvaldi og löggjafarvaldi, einum til að tryggja stjórnarskrárvernduð mannréttindi borgaranna.

Kennsla: Kennslan byggir á fyrirlestrum og umræðutímum sem byggjast á úrlausn raunhæfra. Kennslustundir eru alls 12.

Námsmat: Hópaverkefni 50%, skriflegt próf 50% í lok námskeiðsins.

Hæfniviðmið:

Viðmið um þekkingu:

- Nemandi hafi almennan skilning á grunnhugmyndum um lýðræði og öðrum undirstöðum íslenskrar stjórnskipunar svo og meginþáttum stjórnarskrárinnar.
- Nemandi kunni skil á helstu stofnunum íslenska stjórnkerfisins, einkum á sviði refsivörslu þar á meðal hlutverki lögreglu.
- Nemandi geti aflað nánari upplýsinga um efnið og gert grein fyrir meginstofnunum.

Viðmið um leikni:

- Nemandi þekki grunnhugmyndir að baki hlutverki og valdbeitingarheimildum lögreglu.
- Nemandi hafi innsýn í stöðu stjórnarskrárinnar sem æðstu réttarheimildar og getu til að leita að lögum og dómum á sviði stjórnskipunarréttar.
- Nemandi geti greint störf þriggja þátta ríkisvaldsins, löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómvalds í meginatriðum og hvernig er háttað eftirliti með framkvæmdarvaldi, einkum valdbeitingarheimildum lögreglu gagnvart borgurum.

Viðmið um hæfni:

- Nemandi geti fjallað um kenningar um meginþætti lýðræðisskipunar og hlutverk handhafa ríkisvalds.
- Nemandi geti beitt hugtökum á borð við réttarríki, meðalhóf og jafnræði í störfum sínum í samskiptum við borgarana.
- Nemandi geti gert skriflega og munnlega grein fyrir meginþáttum íslenskrar stjórnskipunar, réttarkerfi og hlutverk lögreglu.

Heiti námskeiðs: Mannréttindi (6 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Björg Thorarensen, prófessor við Lagadeild.

Kennslutímabil: Fyrsta misseri.

Forkröfur: Lögreglufræði 1, Stjórnskipunarréttur.

Almenn lýsing námskeiðsins: Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist þekkingu á grunnatriðum um mannréttindi í stjórnaskrá og alþjóðlegum samningum, með sérstakri áherslu á réttindi sem reynir á í störfum lögreglu í samskiptum við borgarana. Lýst er eftirliti dómstóla og alþjóðlegra stofnana á borð við Mannréttindadómstól Evrópu, Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og nefnd Sameinuðu þjóðanna um bann við pyndingum. Fjallað er almennt um þýðingu mannréttindaverndar í stjórnarskrá og neikvæðar og jákvæðar skyldur ríkisins í þeim efnum. Þá verða krufin stjórnarskrárákvæði um persónufrelsi í 67. gr., bann við pyndingum í 68. gr., lögbundnar refsheimildir í 69. gr., réttinn til réttlátrar málsmeðferðar í sakamálum í 70. gr., friðhelgi einkalífs í 71. gr., svo og tjáningar- og fundafrelsi í 73. og 74. gr. með hliðsjón af samsvarandi ákvæðum Mannréttinasáttmála Evrópu. Lýst verður meginreglum um túlkun þessara ákvæða og heimildum til takmörkunar þeirra á grundvelli atriða sem reynir á í störfum lögreglu, s.s. vegna allsherjarreglu, öryggis ríkisins og réttinda annarra og þeim skýringarreglum sem eru lagðar til grundvallar um meðalhóf og jafnræði borgaranna. Fjallað er um helstu dóma og álit umboðsmanns Alþingis þar sem reynt hefur á þessi mannréttindaákvæði í tengslum við framkvæmd lögreglustarfa.

Kennsla: Kennslustundir eru alls 36 og fer kennslan fram í fyrirlestrum og umræðutímum sem byggjast á úrlausn raunhæfra verkefna. Kennslan getur farið fram meðfram öðrum námskeiðum eða í lotu.

Námsmat: Heimapróf 30%, hópaverkefni 20%, skriflegt próf 50%.

Hæfniviðmið:

Viðmið um þekkingu:

- Nemandi hafi almennan skilning á mannréttindahugtakinu, helstu frelsisréttindum einstaklinga og skyldum ríkisins til að virða þau og vernda.
- Nemandi kunni skil á helstu mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar sem reynir á í störfum lögreglunnar í samskiptum við borgarana, einkum þeirra sem grunaðir eru um refsiverða háttsemi, eru í haldi lögreglu eða afplána refsidóma.
- Nemandi þekki helstu alþjóðaskuldbindingar um vernd mannréttinda með áherslu á þær sem snúa beint að störfum lögreglumanna og annarra í refsivörslukerfinu.

- Nemandi kunnir skil á helstu lögum og reglum sem útfæra mannréttindákvæði stjórnarskrárinnar og dómum um túlkun þeirra.

Viðmið um leikni:

- Nemandi hafi getu til að leita að lögum, dómum, álitum umboðsmanns og alþjóðlegra stofnana um mannréttindi og túlka þessi gögn við úrlausn verkefna.
- Nemandi geti leyst úr lögfræðilegum álitafnum um mannréttindi með hliðsjón af dómaframkvæmd innlendra og alþjóðlegra dómstóla.

Viðmið um hæfni:

- Nemandi geti gert skriflega og munnlega grein fyrir stjórnarskrárvernduðum mannréttindum sem helst reynir á í störfum lögreglu og við meðferð sakamála í réttarkerfinu.
- Nemandi geti notað lög, stjórnvaldsfyrirmæli og dóma um mannréttindi við framkvæmd starfa sinna.

Heiti námskeiðs: Lögreglufræði II (4 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: NN. Nánari þróun og útfærsla hjá MSSL.

Kennslutímabil: Fyrsta misseri.

Forkröfur: Engar.

Almenn lýsing námskeiðsins: Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist innsýn í helstu þætti almenns lögreglustarfs; fræðist um mismunandi tegundir mála og aðstæðna sem lögreglumenn mæta í starfi, s.s. þar sem reynir á vörslu eða neyslu fíkniefna, heimilisofbeldi, kynferðisofbeldi gagnvart börnum eða annað; öðlist skilning á réttindum og skyldum lögreglumanna; áhersla er lögð á framkomu lögreglumanna og samskipti við almenning. Markmiðið er jafnframt að veita innsýn í mikilvæga þætti sem varða rannsókn sakamála, fyrstu viðbrögð á vettvangi, tryggingu sönnunargagna, þýðingu upplýsingatækninnar og tæknirannsókna í því samhengi. Þannig er byggt undir frekara nám um rannsókn mála, m.a. varðandi tæknirannsóknir og þýðingu upplýsingatækninnar, en dýpra er farið í slík viðfangsefni í námskeiðum um sakamálaréttarfar og sérstöku námskeiði um rannsókn sakamála sem eru hlutar af námsleiðinni.

Líta má á námskeiðið að hluta til sem framhald af námskeiðinu Lögreglufræði I. Áherslan í þessu námskeiði verður hins vegar í ríkari mæli á framkvæmd lögreglustarfsins.

Nemendur skulu öðlast þekkingu á áhersluatriðum er varða fjarskipti lögreglunnar, útköll og eftirlit; þeir fá fræðslu í vörnum gegn smitsjúkdómum; þeir skulu kunna skil á helstu hugtökum og vinnuáferðum varðandi verkefnaþætti löggæslu og geta nýtt sér þekkinguna við lausn á raunverulegum verkefnum og þekkja vinnubrögð vegna afskipta lögreglunnar af útlendingum sem hér eru staddir, hvort sem um erlenda ferðamenn eða starfsmenn er að ræða.

Nemendur skulu jafnframt þekkja ákvæði reglugerða um einkenni, merki og einkennisfatnað lögreglunnar, sérstaklega þau ákvæði er varða notkun einkennisfatnaðarinnar þannig að þeir umgangist og beri einkennisfatnað íslensku lögreglunnar með virðingu. Nemendur eiga að geta starfað sem hópur, m.a. í heiðursverði.

Kennsla: Námskeiðið er að mestu bóklegt, en þó að mestu kennt af fulltrúum MSSL og lögreglu.

Námsmat: Þegar kennslu í tilteknu viðfangsefni námsgreinarinnar er lokið leggur kennari að jafnaði próf, skriflegt eða verklegt og/eða verkefni, fyrir nemendur þar sem kunnátta þeirra í viðfangsefninu er könnuð og metin. Kennari gefur einkunn fyrir frammistöðuna og hún er grundvöllur einkunnar sem nemandi fær fyrir námsgreinina í lok misseris.

Heiti námskeiðs: Almenn þjálfunarlífeðlisfræði (4 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Erlingur Jóhannsson, prófessor í íþrótta- og heilsufræði.

Kennslutímabil: Fyrsta misseri.

Forkröfur: Engar.

Almenn lýsing námskeiðsins: Að auka þekkingu nemenda á grundvallarlögmálum þjálfunarlífeðlisfræði og mat á kerfum líkamans m.t.t. afkasta getu líkamans. Sérstök áhersla verður lög á að tengja lífeðlisfræðina við þjálfun og þeim breytingum sem verða á líkamsstarfsemi við þjálfun. Að auka skilning nemenda á viðbrögðum líkamans við áreynslu og hér verða notuð verklegar æfingar.

Að nemendur kunnir skil á meginatriðum eftirfarandi viðfangsefna:

Uppbyggingu og starfsemi vöðva-, tauga-, efnaskipta-, hormóna-, hjarta-, æða- og öndarkerfisins

Efnaskiptaferli og myndun ATP (orku) við mismunandi álag. Aðlaganir vöðva-, tauga-, efnaskipta-, hormóna-, hjarta-, æða- og öndunarkerfis að þjálfun og þættir sem hafa áhrif á slíka aðlögun.

Almennum lögmálum þjálfunar og ofþjálfun og áhrif hennar

Stjórnun líkamshita og vatnsbúskaparins

Samsetning líkamans og hvernig er hægt að mæla líkamssamsetningu og áhrif hennar á afkastagetu og hvernig er hægt að ná kjörþyngd

Kennsla: Kenndur verður tvöfaldur tími 13 sinnum yfir kennslutímabilið.

Námsmat: Skrifleg próf og heimapróf 70% af heildarnámsmati og verklegar mælingar á líkamslegri afkastagetu, 30% af heildar námsmati.

Hæfniviðmið: Í lok námskeiðs á nemandi að:

- Kunna og skilja grundvallarlögmál þjálfunarlífeðlisfræði.
- Þekkja og skilja viðbrögð líkamans við æfingum og þjálfun.
- Þekkja uppbyggingu og starfsemi vöðva-, tauga-, efnaskipta-, hormóna-, hjarta-, æða- og öndunarkerfisins, auk aðlögun ofantaldra kerfa að þjálfun
- Þekkja almenn lögmál þjálfunar, stjórnun líkamshita og vatnsbúskaparins

Heiti námskeiðs: Refsiréttur I (8 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við Lagadeild.

Kennslutímabil: Fyrsta misseri.

Forkröfur: Engar forkröfur.

Almenn lýsing námskeiðsins: Í refsirétti I er áherslan á skilyrði refsíabyrgðar og refsiverð brot samkvæmt almennum hegningarlögum. Refsiréttur I fjallar annars vegar um almenna hluta refsiréttarins, þ.e. réttarreglur um afbrot og skilyrði refsíabyrgðar, og hins vegar um nokkrar brotategundir samkvæmt almennum hegningarlögum sem á reynir í starfi lögreglumanna, en umfjöllun um einstakar brotategundir heyrir undir sérstaka hluta refsiréttar.

Til almenna hlutans telst umfjöllun um eftirfarandi efni: Grundvallarhugtök refsiréttar: afbrot og refsing. Hlutræn og huglæg skilyrði refsíabyrgðar: Hugtökin refsinaemi, ólögmæti og saknæmi (ásetningur og gáleysi), tilraun og hlutdeild. Hlutrænar og huglægar refsileysisástæður: Neyðarvörn, neyðarréttur, samþykki. Sakhæfi-sakhæfisskortur og öryggisgæsla. Lok refsíabyrgðar. Refsilögsaga.

Til sérstaka hlutans telst umfjöllun um ýmsar brotategundir í hegningarlögum, einkum: Landráð, brot gegn stjórnskipan ríkisins og ædstu stjórnvöldum þess, m.a. hryðjuverk og skipulögð brotastarfsemi. Helstu brot gegn valdstjórninni, t.d. 106. gr. um árás á opinberan starfsmann. Brenna og önnur almannahættubrot. Kynferðisbrot: Nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks, kynferðisbrot gegn börnum, vændi, mansal og klám. Kynbundið ofbeldi í nánum samböndum. Sérstök áhersla er lögð á eðli þessara brota, birtingarmyndir þeirra og afleiðingar.

Manndráp, líkamsmeiðingar og hættubrot. Auðgunarbrot og auðgunarásetningur: Þjófnaður, fjárdráttur, fjársvik, umboðssvik, fjárkúgun og rán. Nytjastuldur og eignaspjöll. Almennt um tölvubrot og hættu sem steðjar að netöryggi. Brot á netinu, t.d. hatursglæpir og hrelliklám.

Loks verða kynntir fyrir nemendum gagnagrunnar og heimasíður þar sem fræðast má um efni námskeiðsins. Auk innlendra grunna má þar sérstaklega nefna heimasíðu Norræna sakfræðiráðsins (NSfK).

Gert er ráð fyrir að nemendur geti á grundvelli námskeiðsins verið færir um að greina helstu tegundir sakarefna.

Kennsla: Kennslan er byggð á fyrirlestrum um meginatriði, æfingum, dæmum og umræðum. Kennslustundir eru 60 og skiptast í 40 fyrirlestrátíma og 20 umræðutíma. Í umræðutímum er efni fyrirlestra nánar rætt og útskýrt, einkum með dómum og raunhæfum dæmum, unnið er með raunhæf verkefni sem nemendur hafa leyst heima fyrir tímuna, og fagaðilar, sem fjalla um einstök efni námskeiðsins í störfum sínum, verða fengnir í heimsókn, t.d. lækni til að fjalla um geðrænt sakhæfi og fulltrúar frá Stígamótum og Kvennaathvarfi. Þá er stefnt að vettvangsferðum, t.d. á Neyðarmóttöku vegna nauðgana. Unnt er að kenna námskeiðið í sex vikna lotu eða yfir lengri tíma.

Námsmat: Námsmat er blandað og samanstandur af skriflegu prófi sem lagt verður fyrir á miðju námskeiði og gildir 20% af lokaeinkunn, hópverkefni sem 3-5 nemendur vinna saman og kynna í kennslustund fyrir skólasystkinum sínum og gildir 10% af lokaeinkunn, og skriflegu prófi í lok námskeiðs, sem er samsett annars

vegar úr verkefnum í formi ritgerða og/eða krossaprófa og hins vegar raunhæfu verkefni og gildir 70% af lokaekinn.

Hæfniviðmið: Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að hafa öðlast grundvallarþekkingu á réttarreglunum um afbrot og skilyrði refsíbyrgðar annars vegar og réttarreglunum um tiltekna brotategundir í hegningarlögum hins vegar og geta notað þær til að leysa úr refsiréttarlegum álitaeftum.

Viðmið um þekkingu:

- Nemandi þekkir og skilur helstu hugtök almenna hluta refsiréttarins og getur útskýrt þau.
- Nemandi kann skil á helstu reglum um einstakar brotategundir og getur skilgreint brotin og útskýrt mun á einstökum tegundum skyldra brota.
- Nemandi kann skil á helstu dómum um þau refsiréttarlegu álitaefti sem fjallað er um í námskeiðinu.

Viðmið um leikni:

- Nemandi getur tengt saman efni almenna og sérstaka hluta refsiréttarins, getur beitt almennum reglum refsiréttarins um einstakar brotategundir og notað ákvæðin um einstakar brotategundir í hegningarlögum til að útskýra almennu ákvæðin.
- Nemandi getur fundið dóma og aðrar réttarheimildir, greint þær og túlkað við úrlausn verkefna.
- Nemandi getur notað hegningarlögin, dóma og aðrar réttarheimildir til að rökstyðja niðurstöður í raunhæfum verkefnum.

Viðmið um hæfni:

- Sá sem hefur lokið prófi í refsirétti I skal geta nýtt þekkingu sína og leikni í lögreglustarfi og/eða frekara námi.
- Sá sem hefur lokið prófi í refsirétti I skal geta aflað sér sjálfstæðrar þekkingar á þeim viðfangseftum sem starf hans krefst hverju sinni.

3.2. Annað námsmisseri

Heiti námskeiðs: Lögreglufræði III (4 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Trausti Fannar Valsson, dósent við Lagadeild og NN.

Kennslutímabil: Annað misseri.

Forkröfur: Lögreglufræði I og II.

Almenn lýsing námskeiðsins: Viðfangsefti námskeiðsins er tvíþætt. Annars vegar verður fjallað almennt um vinnulag og verkefni lögreglumanna, ekki síst með hliðsjón af ákvæðum lögreglulaga. Sjónarhornið er vítt og þannig leitast við að dýpka viðfangseftin úr Lögreglufræðum I og II. Leitast verður við að varpa ljósi á bæði löggæsluverkefni og rannsókn sakamála. Hins vegar verður fjallað um gerð, meðferð og varðveislu gagna í lögreglunni. Fjallað er um málaskrár og gagnagrunna sem lögreglan heldur, þýðingu þeirra, tilgang þess að búa til gögn, varðveita þau og skipuleggja með tilliti til þeirra verkefna sem lögreglan sinnir, þar á meðal þýðingar slíkra skjala, uppbyggingar þeirra og varðveislu fyrir meðferð sakamála og meðferð mála fyrir dómstólum. Jafnframt verður fjallað um helstu tegundir gagna og skjala og hvernig þau eru sett upp. Kynntar verða helstu lagareglur er varða upplýsingarétt og meðferð gagna samkvæmt sakamálaeögum, stjórnsýslulögum, upplýsingalögum, lögum um opinber skjalasöfn og lögum um persónuvernd. Kynnt verða upplýsingakerfi, skjalaskrár og málaskrárkerfi lögreglunnar og reglur um meðferð gagna í löggæslunni. Námssefti. (i) Lögreglulög nr. 90/1996 og reglugerðir sem þeim tengjast. Verður gefið út sem fjölrit. (ii) Fjölrit eftir Trausta Fannar Valsson með heitið „Meðferð gagna hjá lögreglunni“. Verður gefið út í desember 2016 ef af námskeiðinu verður. (iii) Glærur og annað efni sem dreift verður rafrænt til nemenda.

Kennsla: Námskeiðið er hægt að kenna meðfram öðrum námskeiðum eða í lotu. Hægt er að kenna þetta námskeið í fjarnámi. Kennsla verður í formi fyrirlestra og umræðna um stutt raunhæf dæmi.

Námsmat: Blandað.

Hæfniviðmið: Markmið námskeiðsins er tvíþætt. Annars vegar má líta á það sem beint framhald og dýpkun á námskeiðinum Lögreglufræði I og II. Hins vegar verður í fjallað um lögfræðileg og praktísk atriði sem varða gerð skjala og gagna, meðferð þeirra og vistun. Umfjöllunarefti námskeiðsins taka ríkt mið af því sem fjallað hefur verið um á haustönn fyrsta árs og öðrum viðfangseftum vorannarinnar á fyrsta ári sem og því að undirbúa nemendur fyrir verklegar æftingar og nám.

Viðmið um þekkingu:

- Sá sem hefur lokið Lögreflufræðum III skal þekkja (i) hlutverk lögreflumanna og verkefni þeirra, (ii) helstu lagareglur um meðferð og vistun gagna, (iii) hefðir og góða starfshætti um gerð og ritun skjala og meðferð þeirra.

Viðmið um leikni:

- Sá sem hefur lokið Lögreflufræðum III skal hafa kunnáttu til þess að lýsa í grófum dráttum þeim atriðum sem gert er ráð fyrir að þeir þekki skv. viðmiðum um þekkingu.

Viðmið um hæfni:

- Sá sem hefur lokið Lögreflufræðum III skal hafa næga þekkingu til að geta (i) lýst hlutverki lögreflunnar og tekið rökstudda afstöðu til raunhæfra dæma sem varða framkvæmd lögreflustarfa, (ii) til þess að útbúa helstu skjöl og gögn á sviðum lögreflunnar og taka afstöðu til varðveislu og meðferðar þeirra og (iii) til að vera í stakk búinn til að stunda frekara nám á sviði lögreflufræða, þ.m.t. til þess að takast á við verklegt nám í faginu.

Heiti námskeiðs: Almenn lögfræði (7 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við Lagadeild.

Kennslutímabil: Annað misseri.

Forkröfur: Engar forkröfur.

Almenn lýsing námskeiðsins: Meginefni námskeiðsins er þrískipt og er sniðið að þörfum nemenda í lögreflufræðum. Í fyrsta hluta er farið stuttlega yfir þróun íslensks réttar og réttarskipunar frá landnámi fram á okkar daga auk þess sem stjórnskipunarsaga landsins er rædd og getið eru helstu stofnana ríkisvaldsins. Í öðrum hluta er farið vel yfir svokallaða réttarheimildafræði. Fjallað er um hverjar eru réttarheimildir íslensks réttar, réttthæð þeirra og innbyrðis samband auk þess hvernig ber að beita þeim. Einnig er fjallað um réttarkerfið, birtingu laga, skil eldri laga og yngri og afturvirkni laga. Í þriðja hluta er farið yfir svokallaða lögskýringarfræði. Fjallað er um kenningar og hugmyndir um túlkun lagaákvæða og farið ítarlega yfir þær lögskýringaraðferðir sem eru almennt viðurkenndar í íslenskri réttarframkvæmd. Við kennslu námskeiðsins verður leitast við að taka dæmi um álitafni og þær réttarheimildir sem geta tengst störfum lögreflumanna. Þannig verður lögð áhersla á réttarheimildafræðileg álitafni á sviði opinbers réttar og túlkun lagaákvæða á því sviði, t.d. þýðingu lögmatísreglunnar og lagaáskilnaðarreglna fyrir beitingu réttarheimilda á sviðinu. Jafnframt verður lögð áhersla á hagnýta beitingu hinnar lagalegu aðferðar en ekki aðeins fræðilegar undirstöður hennar. Það verður gert með yfirferð yfir nokkurn fjölda álitafna, dóma og raunhæfra verkefni með það fyrir augum að nemendur öðlist færni í sjálfstæðri beitingu hinnar lagalegu aðferðar. Kennslutímar verða því ekki aðeins í formi fyrirlestra heldur einnig í formi umræðu- og dæmatíma með kennara. Fyrir slíkra tíma verður nemendum falin raunhæf verkefni til að æfa sig í að leysa úr þeim en síðan verður farið yfir þau með kennara í tíma.

Kennsla: Námskeiðið er mögulegt að kenna í sex vikna lotu eða yfir lengri tíma.

Námsmat: Blandað. Lögð verður áhersla á úrlausn raunhæfra verkefna í lokaprófinu á sviði opinbers réttar.

Hæfniviðmið:

Viðmið um þekkingu:

- Sá sem hefur staðist próf í almennri lögfræði hefur innsýn í helstu einkenni lögfræðinnar sem vísindagrein, þekkir helstu hugtök á sviði almennrar lögfræði, hefur nokkra yfirsýn yfir fræðikerfi lögfræðinnar, þekkir réttarheimildir íslensks réttar og hefur innsýn í helstu kenningar lögskýringarfræðinnar og kann skil á lögskýringaraðferðunum sem notaðar eru í íslenskum rétti, einkum í dómum Hæstaréttar Íslands og álitum umboðsmanns Alþingis, og þekkir megindrætti íslenskrar réttarsögu og þróun hennar sem fræðigreinar auk helstu stofnanir ríkisvaldsins.

Viðmið um leikni:

- Sá sem hefur staðist próf í námskeiðinu getur fundið viðeigandi réttarheimildir, greint og leyst úr lagalegum álitafnum sem koma upp í störfum lögreflumanna, getur greint og metið röksemdafærslur um túlkun lagaákvæða og beitingu réttarheimildanna og getur leyst úr raunhæfum verkefnum á sviði réttarheimilda- og lögskýringarfræða, einkum á sviði opinbers réttar.

Viðmið um hæfni:

- Sá sem hefur staðist próf í námskeiðinu getur með skriflegum hætti útskýrt helstu atriði á sviði réttarheimilda- og lögskýringarfræði, og tekist á við úrlausn lagalegra álitafna í samræmi við hina lagalegu aðferða sem koma upp í störfum lögreflumanna.

Heiti námskeiðs: Vinnulag í háskólanámi (nokkur námskeið á vegum Ritvers Hugvísindasviðs, ekki metið sérstaklega til eininga (ECTS)).

Umsjónarkennari: Jóhannes Gísli Jónsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild.

Kennslutímabil: Annað misseri.

Forkröfur: Engar.

Almenn lýsing námskeiðsins: Nemendur sækja nokkur stutt námskeið sem skipulögð eru af [Ritveri Hugvísindasviðs](#). Námskeið um hagnýt ráð við upphaf skrifa BA/BS ritgerða, heimildaleit, uppbygging ritgerða, APA-kerfið, vinnustofu í sniðmálit og EndNote. Sjá einnig leiðbeiningavef [ritvers Menntavísindasviðs](#).

Kennsla: Námskeið á vegum Ritvers Hugvísindasviðs.

Námsmat: Staðfesting á því að viðeigandi námskeið hafi verið sótt.

Heiti námskeiðs: Teymisvinna og þverfaglegt samstarf (2 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Hervör Alma Árnadóttir, lektor í Félagsráðgjafadeild og Vilmar Pétusson aðjunkt.

Kennslutímabil: Annað misseri.

Forkröfur: Engar.

Almenn lýsing námskeiðs: Markmið námskeiðsins er að nemendur í lögreglufræðum öðlist grundvallar þekkingu kenningum og rannsóknum um teymisvinnu og þverfaglegt samstarf. Áhersla er lögð á nemendur og geti tengt vinnuáferðir lögreglu við samtíma kenningar og rannsóknir um starf í hóp og teymi. Fjallað er um hvaða þættir stuðla að sterkri liðsheilid og öfluglu samstarfi. Nemendur greina styrkleika sína og læra að beita ígrundandi vinnubrögðum í samstarfi. Lögð er áhersla á virka þátttöku nemenda og raunhæf verkefni.

Kennsla: Námskeiðið er kennt yfir 13 kennslustundir auk 7 umræðutíma sem dreifast jafnt yfir námstímabilið.

Námsmat: Verkefni, mæting og virkni. Verkefni gilda 80% og mæting og virkni 20%.

Hæfniviðmið: Að loknu námskeiði skal nemandinn:

- þekkja helstu kenningar og rannsóknir um hópa og teymi
- geta beitt ólíkum aðferðum teymisvinnu
- geti leitt leitt teymisvinnu og þverfaglegt samstarf
- geta greint styrkleika sína og hafa lært að nýta sér endurgjöf til faglegs þroska í teymisvinnu og í þverfaglegu samstarfi.

Heiti námskeiðs: Þjálfun lögreglumanna (2 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Erlingur Jóhannsson, prófessor í íþróttá- og heilsufræði.

Kennslutímabil: Annað misseri.

Forkröfur: Almenn þjálfunarlífeðlisfræði.

Almenn lýsing námskeiðs: Að auki þekkingu nemenda og færni í skipulagningu líkamlegrar þjálfunar og hvernig þjálfun er skipulögð bæði með tilliti til skammtíma- og langtíamarkmið í huga. Auka þekkingu í að beita verklegri þjálfun á eigin líkama og þar með auka afkastagetu. Taki virkan þátt í skipulagðri þrekbjálfun með áherslu á bættu afkastagetu í þoli, styrk og hraða. Skilja mikilvægi samhæfingar, liðleikaþjálfunar og endurheimtar og taki þátt í æfingum sem ná til þessara þátta. Verði í lok námskeiðs fær um að skipuleggja og stjórna eignu þjálfun.

Nemendur verða látnir skipuleggja árs-, mánaðar- og vikuáætlanir fyrir einstaklinga og/eða hópa þar sem gengið er út frá markmiðum með tilliti til aldurs, þroska og viðkomandi íþróttagreinar. Farið er yfir helstu þjálfunaraðferðir og mikilvægi einstaklingsbundinnar greiningar og þjálfunar. Nemendur öðlast þekkingu á mikilvægi markmiðasetningar í þjálfun og fá reynslu af slíkri útfærslu með eigin markmiðasetningu og þjálfun. Áhersla verður á verklegar æfingar sem tengdar eru þrekbáttum, samhæfingu, liðleika og endurheimt meðan og eftir að þjálfun lýkur.

Kennsla: Kenndur verður tvöfaldur tími 13 sinnum yfir kennslutímabilið auk æfingátíma lögreglumanna.

Námsmat: Skrifleg próf og/eða heimapróf 60% af heildarnámsmati. Verklegir tímar og eigin líkamspjálfun, 40% af heildar námsmati.

Hæfniviðmið: Að nemandi í lok námskeiðs:

- verði fær um að setja fram fjölþætt markmið tengt þjálfun fyrir einstaklinga og hópa
- hafi öðlast þekkingu og færni til að skipuleggja þjálfun til lengri og styttri tíma
- hafi tekið þátt í að skipuleggja þrekþjálfun með áherslu á bættu afkastagetu í þoli, styrk og hraða
- hafi fengið að taka þátt í uppbyggingu þreks á eigin líkama
- hafi aukið þekkingu sína á mikilvægi samhæfingar og liðleikþjálfunar

Heiti námskeiðs: Lögregluæfingar I (4 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: NN. Nánari þróun og útfærsla hjá MSSL.

Kennslutímabil: Annað misseri.

Forkröfur: Engar.

Almenn lýsing námskeiðsins: Markmið námskeiðsins er að nemendur verða færir um að framkvæma handtökur af öryggi jafnvel þó að fyrirvaralaus mótsþyrna sé veitt og geta haldið handteknum manni af öryggi. Einnig eiga nemendur að vera færir um að verjast árásum og geta losað sig úr tókum. Nemendur eiga að vera færir um að beita öllum lögreglutækjum af öryggi og þekkja allar reglur þar að lútandi.

Lögð er áhersla á að nýta fræðilega þekkingu sem kennd hefur verið á fyrri hluta námsins í verklegum æfingum og samþætta þannig akademíska hluta og verklega hluta námsins í þessu námskeiði.

Viðfangsefni námskeiðsins eru:

Lögreglutök, sjálfsvörn, fallæfingar, leysitök og neyðarvörn

Lögreglutæki, fjötrar, úðavopn, kylfa, vasaljós, hnifur, öryggisbúnaður og gasgrímur

Kennsla: Kennslan er að miklu leyti verkleg. Kennari gerir nemendum grein fyrir þeim lagaákvæðum og reglum sem eru í gildi og útskýrir og sýnir aðferðir varðandi hvert viðfangsefni. Nemendur aðstoða hver annan við æfingar. Aðferðirnar eru margæfðar í þeim tilgangi að nemendur geti framkvæmt þær fúlaust og af öryggi.

Námsmat: Í lok misseris taka nemendur skriflegt próf. Prófið er þannig uppbyggt að í því eru beinar efnis-spurningar og krossaspurningar, þar sem einn möguleiki af fjórum er réttur.

Heiti námskeiðs: Lögregluæfingar II (4 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: NN. Nánari þróun og útfærsla hjá MSSL.

Kennslutímabil: Annað misseri.

Forkröfur: Lögregluæfingar I.

Almenn lýsing námskeiðs:

Markmið námskeiðsins er að nemendur nýti þá bóklegu fræðslu sem þeir hafa fengið í öðrum námsgreinum grunnnámsins og þjálfist, með verklegum æfingum, í úrlausn verkefna þar sem reynir á kunnáttu þeirra í beitingu réttarreglna, beitingu valds, framkomu og framkvæmd lögreglustarfa almennt.

Lögð er áhersla á að nýta fræðilega þekkingu sem kennd hefur verið á fyrri hluta námsins í verklegum æfingum og samþætta þannig akademíska hluta og verklega hluta námsins í þessu námskeiði.

Viðfangsefni námskeiðsins eru:

- Lögreglutæki og bifreiðar og umgengni við þau.
- Stöðvun ökutækja og afskipti af öikumönnum.
- Samskipti við ýmsar stofnanir.
- Algeng löggæsluverkefni, svo sem almenn afskipti af fólki, flutningur handtekinna, heimilisófriður, hraðamælingar, húsleitir og leitir í ökutækjum, innbrot og þjófnaðir, leit að sönnunargögnum eða hættulegum munum, umferðarstjórn og yfirheyrslur í minniháttar málum á vettvangi, og ölvun á almannaferi.
- Fyrstu aðgerðir á vettvangi brots og trygging sönnunargagna.
- Álags- og þolþjálfun.

Kennsla: Að langmestu leyti verklegar æfingar og verkefnavinna þar sem reynir á úrlausn raunhæfra löggæsluverkefna og eftir atvikum á samvinnu og samstarf lögreglu og annarra stofnana.

Námsmat: Ekki er tekið próf í námsgreininni en hugsanlegt er að ákveðin viðfangsefni tengist öðrum námsgreinum og séu til prófs þar. Nemendur þurfa þó að standast lágmarkskröfur sem útfærðar verða með MSSL og kennurum.

Í umsögnum og mati á nemendum er ekki síst litið til frammistöðu þeirra í verklegum æfingum þar sem fylgst er með tilteknum þáttum í framkomu þeirra og þeir metnir. Má þar sérstaklega nefna hæfileika til tjáskipta, áhuga, samvinnu, skipulagshæfileika, sjálfstæði, dómgreind, frumkvæði og sjálfsstjórn við úrlausn krefjandi verkefna.

Heiti námskeiðs: Sakamálaréttarfar I (7 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Kristín Benediktsdóttir, dósent við Lagadeild og NN.

Kennslutímabil: Annað misseri.

Forkröfur: Lögreglufræði I og III, Stjórnsýsluréttur I, Stjórnskipunarréttur, Refsiréttur I.

Almenn lýsing námskeiðsins: Sakamálaréttarfar er grundvallarfar í námi lögreglumanna. Í námskeiðinu er fjallað um meðferð sakamála fyrir dómi og lögreglu og rannsóknarheimildir lögreglu. Að meginstefnu er um að ræða umfjöllun um lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála en í lögnum er fjallað um meðferð þessara mála fyrir dómstólum, skipan ákærvalds, réttarstöðu sakbornings og verjanda, réttarstöðu brotaþola og réttargæslumanns. Þá er fjallað um rannsókn og heimildir lögreglu til rannsóknar máls, þ.m.t. skýrslutökur, hald á munum, leit og líkamsrannsókn, símahlustun og sambærileg úrræði, ýmsar rannsóknaraðgerðir, handtöku, gæsluvarðhald og sambærilegar ráðstafanir, meðferð rannsóknarmála fyrir dómi og sönnun og sönnunargögn. Heimildir lögreglunnar til rannsóknar máls og beitingu þvingunarráðstafana í einstökum málum grundvallast því á sakamálalögum. Að auki er nauðsynlegt að fjalla um ákvæði stjórnarskrár, mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og alþjóðasamninga sem fjalla um réttarstöðu sakbornings, brotaþola, skipun verjanda og rannsókn sakamála og úrlausnir dómstóla þar sem reynt hefur á ákvæði tengd þessum álitaeftum og álit umboðsmanns Alþingis.

Sakamálaréttarfari verður skipt upp í sakamálaréttar I og II auk þess sem sérstakt verklegt námskeið, rannsókn mála, verður tekið í framhaldinu þar sem nemendur beita þeim reglum sem fjallað er um í sakamálaréttarfari.

Í sakamálaréttarfari I verður farið yfir uppbyggingu ákærvaldsins og dómstólanna í landinu. Þá verður farið yfir réttindi sakborninga, brotaþola svo og vitna en þekking á þessum atriðum er afar mikilvæg í störfum lögreglumanns. Farið verður yfir helstu reglur í rannsókn sakamála. Þannig verður farið yfir markmið með rannsókn og helstu meginreglur sem gilda um rannsókn mála eins og sannleiksregluna, hlutlægnisregluna, hæfi þeirra sem rannsaka, reglan um hraða málsmeðferð, meðalhófsregluna, lögmætisregluna og jafnræðisregluna. Einnig verður farið yfir reglur um upphaf rannsóknar, þ.m.t. þegar rannsókn hefst að frumkvæði lögreglu eða ákærvalds og samkvæmt kæru. Fjallað verður um helstu rannsóknaraðferðir eins og skýrslutökur, tálbeitur og uppljóstrara, afhendingu undir eftirliti og skyggingu, sakbendingu og skyldar aðgerðir sem og utanaðkomandi aðstoð við rannsókn. Þá verður fjallað um lok rannsóknar. Efnisþættir þessa hluta eru: 1. Inngangur að sakamálaréttarfari, þ.á m. yfirferð yfir lög um meðferð sakamála og aðrar réttarheimildir eins og stjórnarskrá, Mannréttindasáttmála Evrópu, viðeigandi alþjóðasamninga, meginreglur sakamálaréttarfars svo og yfir dómstólaskipan. Samanburður við einkamálaréttarfar. 2. Ákærvaldið, skipan þess og hlutverk. 3. Réttarstaða sakbornings og verjandi. 4. Réttarstaða brotaþola. Réttargæslumaður. 5. Almennt um rannsókn sakamála, markmið og meginreglur. 6. Upphaf rannsóknar. 7. Rannsóknaraðferðir. Sönnun og sönnunargögn. 8. Lok rannsóknar.

Kennsla: Kennsla verður í formi fyrirlestra og umræðutíma sem byggjast á úrlausn raunhæfra verkefna.

Námsmat: Blandað, heimapróf 30%, hópaverkefni 20% og skriflegt próf 50%.

Hæfniviðmið:

Viðmið um þekkingu:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu kann skil á uppbyggingu dómskerfisins og ákærvalds, helstu reglum sem varða réttarstöðu sakbornings, brotaþola, verjanda og réttargæslumanns, reglum sem fjalla um heimildir lögreglu til rannsóknar á málum og þekkir helstu dóma og úrskurði þar sem reynir á þessar reglur sakamálaréttarfars, stjórnarskrá og mannréttindasamninga.

Viðmið um leikni:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu getur leyst úr hinum ýmsu álitaeftum þar sem reynir á rannsókn mála með viðeigandi réttarheimildum.

Viðmið um hæfni:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu getur beitt reglum samkamálaréttarfars skriflega og munnlega í lögreglustarfinu.

3.3. Þriðja námsmisseri

Heiti námskeiðs: Stjórnsýsluréttur II (3 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Trausti Fannar Valsson, dósent við Lagadeild og NN.

Kennslutímabil: Þriðja misseri.

Forkröfur: Stjórnsýsluréttur I og Almenn lögfræði.

Almenn lýsing námskeiðsins: Viðfangsefni námskeiðsins eru hinar almennu efnisreglur stjórnsýsluréttarins og birtingarmynd þeirra við mismunandi verkefni lögreglumanna. Helstu reglur sem hér falla undir eru lögmætisreglan, réttmætisreglan, jafnræðisreglan og meðalhófsreglan. Áherslan í kennslu mun ekki síst liggja á þeirri síðastnefndu. Markmið námskeiðsins er að kenna almennar efnisreglur stjórnsýsluréttarins og hvernig þær hafa áhrif á mismunandi verkefni lögreglumanna. Reglurnar verða tengdar raunhæfum dæmum og dómum.

Kennsla: Námskeiðið er hægt að kenna meðfram öðrum námskeiðum eða í lotu. Hægt er að kenna þetta námskeið í fjarnámi. Kennsla verður í formi fyrirlestra og umræðna um stutt raunhæf dæmi.

Námsmat: Blandað.

Hæfniviðmið:

Viðmið um þekkingu:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu skal þekkja almennar efnisreglur stjórnsýsluréttarins og samhengi þeirra við hverskonar störf lögreglumanna.

Viðmið um leikni:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu skal hafa kunnáttu til þess að lýsa þýðingu almennra efnisreglna stjórnsýsluréttar fyrir hin mismunandi verkefni lögreglumanna, þau takmörk sem reglurnar setja lögreglumönnum og grundvallarástæðum og tilgangi þeirra takmarkana.

Viðmið um hæfni:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu skal hafa næga getu til þess að geta tekið rökstudda afstöðu til raunhæfra dæma sem varða framkvæmd lögreglustarfa þar sem reynir á beitingu hinna almennu efnisreglna stjórnsýsluréttarins – ekki síst meðalhófsreglunnar.

Heiti námskeiðs: Afbrotafræði fyrir lögreglufræði (5 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Helgi Gunnlaugsson, prófessor Félags- og mannvísindadeild.

Kennslutímabil: Þriðja misseri.

Forkröfur: Engar.

Almenn lýsing námskeiðsins: Námskeiðið yrði kennt á öðru ári lögreglufræða. Í námskeiðinu verður afbrotafræðin og helstu viðfangsefni hennar kynnt. Í grófum dráttum skiptist námskeiðið í tvennt. Í fyrri hlutanum verður farið í helstu kenningar og rannsóknir til að varpa ljósi á eðli afbrota og samfélagslegra viðbragða við þeim. Í þessu skyni verður klassísk og pósitívísk afbrotafræðið skoðuð. Sérstök áhersla er lögð á ýmsar félagsfræðilegar kenningar og rannsóknir á afbrotum, s.s. framlag formgerðarhyggju, samskiptaskólans og átakakenninga. Í síðari hluta námskeiðsins verða fjórar tegundir afbrota teknar fyrir, ofbeldisglæpir, kynferðisbrot, fíkniefnabrot og efnahagsbrot (viðskiptaglæpir) og þær metnar í ljósi kenninga úr fyrri hluta og opinberrar stefnumörkunar í þessum málaflokkum.

Jafnframt verður beiting tölulegra og grafískra gagna við greiningu og úrlausn viðfangsefna lögreglunnar kynnt fyrir nemendum og þeim kennt að leggja mat á þær aðferðir sem notaðar eru.

Kennsla: Kennslan verður í formi fyrirlestra og umræðutíma. Námskeiðið er hægt að kenna meðfram öðrum námskeiðum eða í lotu til dæmis á fyrri hluta vormisseris.

Námsmat: Blandað.

Hæfniviðmið:

Viðmið um þekkingu:

- Sá sem hefur lokið Afbrotafræði getur greint frá helstu kenningum og hugtökum afbrotafræðinnar, sagt frá helstu fræðimönnum og rannsóknnum þeirra.

Viðmið um leikni:

- Sá sem hefur lokið Afbrotafræði getur greint íslenskan veruleika afbrota í ljósi kenninga og rannsókna afbrotafræðinnar, útskýrt mismunandi tegundir afbrota út frá ólíkum kenningum, borið saman ólíkar kenningar afbrotafræðinnar og lagt mat á þær.

Viðmið um hæfni:

- Sá sem hefur lokið Afbrotafræði getur tjáð sig í rituðu máli um kenningar og hugtök afbrotafræðinnar, nýtt sér og metið ólíkar upplýsingar og gagnasöfn um afbrot, lagt mat á grundvelli kenninga og sett fram ólíkar leiðir til lausnar á vanda afbrota.

Heiti námskeiðs: Hagnýting sálfræði í löggæslu (4 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennarar: Ragna B. Garðarsdóttir, dósent við Sálfræðideild og Hulda Þórisdóttir, dósent við Stjórn málafræðideild.

Kennslutímabil: Þriðja misseri.

Forkröfur: Engar.

Almenn lýsing námskeiðs: Í námskeiðinu er fjallað um ólíkar kenningar og rannsóknir sálfræðinnar sem hagnýta má til að bæta löggæslu. Fjallað er um a) eðli millihópaágreinings og kenningar um fjölda- /hóphegðun, b) fordóma og staðalmyndir og afleiðingar þeirra fyrir mat á hópum/einstaklingum, c) afbrotamenn, flokkun þeirra og einkenni, d) sálfræðilegar skýringar á afbrotum og ýgi, e) minni, athygli og skeikulleika vitna og brotaþola, e) eignunarvillu og áhrif aðstæðna á hegðun einstaklinga, f) leiðsagnarreglur og skekkjur í hugsun og g) réttlát ferli (procedural justice) og samskipti borgara og lögreglu.

Í verklegum tímum spreyta nemendur sig á forritum sem sýna a) hve erfitt er að bera kennsl á fólk og hvaða þættir hafa áhrif á það og b) hvernig hægt er að hafa áhrif á minni, sjónskynjun og athygli. Nemendur munu jafnframt kynna bæði yrtum og óyrtum (IAT) mælingum á fordómum og staðalmyndum og munurinn á þessum aðferðum ræddur. Nemendur munu einnig sjá myndbönd sem styðja námsefnið. Að lokum munu verklegir tíma vera nýttir til þess að þjálfa viðtalstækni sem tekur tillit til skekkja í athygli, skynjun, minni og hugsun viðmælenda.

Kennsla: Kennt er einn dag í viku, 3 kennslustundir í senn sem skiptast í 2x fyrirlestrartíma og 1x verkefnatíma. Kennsla fer fram á forni fyrirlestra, hópavinnu og umræðutíma.

Námsmat: Frammistaða í verklegum tímum gildir 10% af lokaekunn. Nemendur munu þreyta tvö skrifleg próf á misserinu sem skiptast í krossaspurningar, skilgreiningar og ritgerð. Einnig munu nemendur vinna saman að hópverkefni um fordóma og staðalmyndir í samfélagi.

Hæfniviðmið

Viðmið um þekkingu:

- Nemandi þekki til helstu hugsana og ályktanaskykkja sem kunna að hafa áhrif á mat þeirra á aðstæðum.
- Nemandi þekki til áhrifa fordóma og staðalmynda á ákvarðanatöku og mat á aðstæðum.
- Nemandi þekkir nútímakenningar um eðli hóphegðunar.
- Nemandi gerir sér grein fyrir eignunarvillu og þætti aðstæðna í hegðun.
- Nemandi hafi kynnt sér kenningar um réttlát ferli og afleiðingar þeirra fyrir samskipti borgara og lögreglu.
- Nemandi þekki og geti greint frá þáttum sem geta haft áhrif á framburð brotaþola og vitna, svo sem athygli, minni, o.fl.

Viðmið um leikni:

- Nemandi getur aflað sér frekari þekkingar um efni námskeiðsins.
- Nemandi er fær um að taka ítarleg viðtöl sem taka tillit til skekkja í hugsun og skynjun viðmælenda.
- Nemandi er fær um að greina hvað er eðlileg hegðun í fjöldasamkomum og mótmælum.

- Nemandi getur beitt gagnreyndum aðferðum til að eiga samskipti við brotþola og afla framburðar með skýrslutöku, hvort heldur á vettvangi eða á lögreglustöð.

Viðmið um hæfni:

- Nemandi gerir sér grein fyrir því hverig eigin gildismat og viðhorf hafa áhrif á mat hans á fólki. Nemandi áttar sig á eðli fordóma og staðalmynda og áhrifa þeirra á framkomu.
- Nemandi ber virðingu fyrir réttlátum ferlum innan réttarríkja og skilur nauðsyn þeirra.
- Nemandi gerir sér grein fyrir þeirri ábyrgð embættismanna réttarríkja að gæta ávallt fyllstu mannréttinda og áttar sig á þeim gryfjum sem hægt er að falla í sem valdhafi.

Heiti námskeiðs: Siðfræði og fagmennska (3 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennarar: Salvör Nordal, lektor við Sagnfræði- og heimspekideild.

Kennslutímabil: Þriðja misseri.

Forkröfur: Engar.

Almenn lýsing námskeiðs: Í þessu námskeiði er kynntar helstu kenningar í siðfræði (s.s. nytjastefnu, skyldukenningu Kants og sáttmálakenningar). Fjallað verður um siðferðileg hugtök eins sjálfræði, velferð, friðhelgi einkalífs, mannhelgi virðingu. Jafnframt er fjallað um tengsl fagmennsku og siðferðis. Þá verður rætt um gagnrýna hugsun og um megineinkenni vísindalegrar hugsunar og starfsemi. Fjallað er um staðreyndaþekkingu og þekkingu á mannlegum verðmætum.

Áhersla er lög á að tengja hina fræðilegu umfjöllun við siðferðileg álitamál í starfi lögreglumanna og hvernig almenn siðfræði treystir þekkingargrunn lögreglumanna við úrlausn flókinna verkefni á vettvangi. Til er sameiginleg námskrá um siðferði og varnir gegn spillingu sem gefin er út af Evrópska lögregluskólanum. Einn af þeim þáttum sem eru veigamiklir í þjálfun lögreglumanna á þessu sviði eru hugsanaskekkjur sem réttlæta minnháttar greiðvirkni en geta endað með spillingu (e. slippery slope of corruption). Til að auka siðferðisþrek lögreglunema er því nauðsynlegt að þjálfva vel viðbrögð við aðstæðum sem fela í sér freistingar. Unnið verður út frá hagnýtum verkefnum og umræðum í hópum.

Kennsla: Miðað er við að kennt sé 3 tíma í viku í 6 vikur eða 18 kennslustundir. Gæti líka verið kennt í lotu eða jafnvel skipt upp í tvennt með nokkurra vikum á milli.

Námsmat: Prófað verður úr þekkingu á fræðilegum hluta námskeiðsins, en síðan verða lögð fyrir nemendur verkefni og greining á siðferðilegum álitaeftum sem tengjast starfi lögreglumanna. Skipting gæti verið eftirfarandi: Próf 30%, Verkefni/ritgerð: 30%, verkefni með greiningu álitaefti úr starfi: 30%

Hæfniviðmið:

Viðmið um þekkingu:

- Hafa öðlast almenna þekkingu á helstu kenningum siðfræðinnar
- Hafa öðlast þekkingu á lykilhugtökum siðfræðiannars s.s. sjálfræði, velferð, friðhelgi einkalífs, réttindum, skyldum, mannhelgi og virðingu
- Þekkja siðferðilegar forsendur hugmynda um fagmennsku og trúnað
- Þekkja siðareglur fagstétta, einkum lögreglumanna
- Hafa á valdi sínu muninn á vísindalegri aðferð og hversdagslegri skoðanamyndun

Viðmið um leikni:

- Geta beitt gagnrýnum aðferðum siðfræðinnar við greiningu siðferðilegra álitamála í starfi
- Geta myndað sér skoðanir á forsendum gagnrýnnar hugsunar
- Geta greint siðferðileg álitamál í starfi sínu og taka rökstudda afstöðu til þeirra

Viðmið um hæfni:

- Geta aflað sér þekkingar á sviði siðfræði.
- Vera reiðubúinn til að vinna sjálfstætt á sviði sem krefst siðferðilegrar ábyrgðar.
- Geta tekist með skynsamlegum hætti á við siðferðileg álitamál í starfi

Heiti námskeiðs: Lögregluæfingar III, umferð og akstur lögreglubifreiða (4 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: NN. Nánari þróun og útfærsla hjá MSSL.

Kennslutímabil: Þriðja misseri.

Forkröfur: Lögregluæfingar I og II.

Almenn lýsing námskeiðs: Að nemendur öðlist almenna og góða þekkingu á umferðarlöggjöf, auk markmiða með umferðarlöggæslu og séu færir, þegar til starfsnáms kemur, um að sinna umferðareftirliti og umferðarstjórn. Nemendum verður kennt á búnað sem lögreglan notar til umferðarlöggæslu og að nota þann búnað af öryggi og fagmennsku. Auk þess verður nemendum gerð skil á refsingum vegna umferðarlagabrota og viðurlög við þeim.

Jafnframt er markmið námskeiðsins að nemendur þjálfist í góðakstri og að þeir tileinki sér rétt hugarfar varðandi fyrirmyndarhlutverk lögreglunnar í umferðinni, að þeir tileinki sér góða umgengni og umhirðu á lögreglutækjum og þjálfist í notkun ratsjáróbúnaðar.

Að lokum fá nemendur kennslu í akstri með forgangi og að þeir öðlist skilning á þeirri ábyrgð sem fylgir forgangsakstri sem og áhrifum hans á umhverfið og umferðaröryggi.

Kennsla: Bókleg kennsla fer fram í kennslustofu en námskeiðið fer að hluta fram undir leiðsögn fulltrúa MSSL í lögreglubifreið á svæði Keilis á Ásbrú. Bóklegi hluti námsins eru 13 kennslustundir en umfang hins verklega hluta er skv. ákvörðun MSSL.

Námsmat: Einkunn er byggð á bóklegu prófi í lok námskeiðs auk mati á frammistöðu nemenda í verklegum æfingum.

Heiti námskeiðs: Refsiréttur II, Refsing og önnur viðurlög við afbrotum (3 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við Lagadeild.

Kennslutímabil: Þriðja misseri.

Forkröfur: Refsiréttur I, Sakamálaréttarfar I.

Almenn lýsing námskeiðsins: Efni námskeiðsins er tvíþætt. Fyrri hlutinn fjallar almennt um viðurlagakerfið, þróun þess og helstu einkenni, og refsingar í íslenskum rétti: fangelsi og fésektir. Rætt verður um fangelsismál, þróun refsivistarstofnana og núverandi stofnanir, skipulag fangelsismála, fangavist og réttarstöðu fanga, reynslulausn og náðun. Ítarlega verður fjallað um fésektir og sektafullnustu, eignaupptöku og réttindasviptingu. Rætt verður um refsigæslu utan stofnana, svo sem samfélagsþjónustu, sáttamiðlun og rafrænt eftirlit. Loks verða barnaverndarúrræðum og forvörnum gerð nokkur skil. Seinni hluti námskeiðsins fjallar um ákvörðun refsingar, þ.e. refsímörk, refsíákvörðunarástæður og refsímat dómstóla í einstökum brotaflokkum.

Kennsla: Kennslan er byggð á stuttum fyrirlestrum um meginatriði, æfingum, dæmum og umræðum. Kennslustundir eru 20 og skiptast í 12 fyrirlestratíma og 8 umræðutíma. Í umræðutímum er efni fyrirlestra nánar rætt og útskýrt, einkum með dómum og raunhæfum dæmum, unnið er með raunhæf verkefni sem nemendur hafa leyst heima fyrir tímana, og fagaðilar, sem fjalla um einstök efni námskeiðsins í störfum sínum, verða fengnir í heimsókn, t.d. fulltrúar frá Fangelsismálastofnun, Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar og dómstólum. Námskeiðið er mögulegt að kenna í sex vikna lotu eða yfir lengri tíma.

Námsmat: Námsmat samanstendur af hópverkefni sem 3-5 nemendur vinna saman og kynna í kennslustund fyrir skólasystkinum sínum og gildir 10% af lokaekunn, stuttri ritgerð um sjálfvalið efni á sviði námskeiðsins sem gildir 30% af lokaekunn og munnlegu prófi í lok námskeiðs, sem gildir 60% af lokaekunn.

Hæfniviðmið: Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að hafa öðlast grundvallarþekkingu á viðurlagakerfi íslenskra refsilaga annars vegar og réttarreglum og sjónarmiðum um ákvörðun refsingar hins vegar og geta notað þessar reglur til að leysa úr refsiréttarlegum álitæfnum.

Viðmið um þekkingu:

- Að námskeiðinu loknu skal nemandi þekkja og skilja helstu hugtök sem notuð eru í fræðilegri umræðu um refsingar og önnur viðurlög annars vegar og ákvörðun refsingar hins vegar og geti útskýrt þau. Nemandinn skal kunna skil á helstu reglum um viðurlagakerfið, fangelsi, fangavist og réttarstöðu fanga, reynslulausn og náðun, fésektir og sektafullnustu, eignaupptöku og réttindasviptingu, refsigæslu utan stofnana og ákvörðun refsingar. Nemandi skal jafnframt kunna skil á helstu dómum, úrskurðum og álitum umboðsmanns Alþingis um þau refsiréttarlegu álitæfni sem fjallað er um í námskeiðinu.

Viðmið um leikni:

- Að námskeiði loknu getur nemandi leitað að lögum, dómum, úrskurðum og álitum sem varða efni námskeiðsins og túlkað þessar heimildir við úrlausn verkefna. Nemandi skal geta notað lög, dóma, úrskurði og aðrar réttarheimildir til að rökstyðja niðurstöður í raunhæfum dæmum um efni námskeiðsins.

Viðmið um hæfni:

- Að námskeiði loknu getur nemandi nýtt þekkingu sína og leikni í lögreglustarfi og/eða frekara námi. Að námskeiði loknu getur nemandi aflað sér sjálfstæðrar þekkingar á þeim viðfangsefnum sem starf hans krefst hverju sinni.

Heiti námskeiðs: Sakamálaréttarfar II (5 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Kristín Benediktsdóttir, dósent við Lagadeild og NN.

Kennslutímabil: Þriðja misseri.

Forkröfur: Sakamálaréttarfar I.

Almenn lýsing námskeiðsins: Um er að ræða framhald á sakamálaréttarfari I. Í námskeiðinu verður lögð áhersla á heimildir lögreglunnar til þvingunarráðstafana. Fjallað verður almennt um þvingunarráðstafanir, haldlagningu leit, þ.m.t. húsleit og líkamsleit, og líkamsrannsókn og skyldar aðgerðir, símahlustun, handtöku og gæsluvarðhald og meðferð rannsóknarmála fyrir dómi. Fjallað verður um þær kröfur sem dómstólar hafa gert til lögreglunnar. Inn í það fléttast umfjöllun um stjórnarskrá, Mannréttindasáttmála Evrópu og annarra alþjóðasamninga. Þá verður fjallað um afleiðingar ólögmætra rannsóknaraðgerða og bætur vegna rannsóknar sakamála. Efnisþættir þessa hluta eru: 1. Almennt um þvingunarráðstafanir. 2. Handlagning og skyldar aðgerðir. 3. Leit og líkamsrannsókn og skyldar aðgerðir. 4. Símahlustun og sambærileg úrræði. 5. Handtaka. 6. Gæsluvarðhald og sambærilegar ráðstafanir. 7. Meðferð rannsóknarmála fyrir dómi. 8. Afleiðingar ólögmætra rannsóknaraðgerða. 9. Bætur vegna rannsóknar sakamáls.

Kennsla: Kennsla verður í formi fyrirlestra og umræðutíma sem byggjast á úrlausn raunhæfra verkefna..

Námsmat: Blandað.

Hæfniviðmið:

Viðmið um þekkingu:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu kann skil á þvingunarráðstöfunum og meðferð rannsóknarmála fyrir dómi og þekkir helstu dóma og úrskurði þar sem reynir á þessar reglur sakamálaréttarfars og þau ákvæði stjórnarskrá sem skipta máli sem og ákvæði mannréttindasamninga.

Viðmið um leikni:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu getur leyst úr hinum ýmsu álitaeftum varðandi þvingunarráðstafanir með viðeigandi réttarheimildum.

Viðmið um hæfni:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu getur beitt reglum sem fjalla um þvingunarráðstafanir í lögreglustarfinu.

Heiti námskeiðs: Réttarstaða brotaþola og annarra í viðkvæmri stöðu (3 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Brynhildur Flóvenz, dósent við Lagadeild.

Kennslutímabil: Þriðja misseri.

Forkröfur: Sakamálaréttarfar I.

Almenn lýsing námskeiðsins: Í sakamálaréttarfari hefur áherslan fyrst og fremst verið á réttarstöðu grunaðra eða sakaðra manna. Á síðustu áratugum hefur sjónum í auknum mæli verið beint að brotaþolum, stöðu þeirra og réttindum bæði á innlendum vettvangi sem alþjóðlegum. Gerðir hafa verið alþjóðlegir samningar um réttarstöðu brotaþola. Jafnframt hefur stöðu einstakra hópa brotaþola verið veitt sérstök athygli svo sem börnum og þolendum mansals. Miklu skiptir því að lögreglan þekki vel til réttinda brotaþola og hvernig þau eru almennt tryggð í einstökum samningum og lögum. Í námskeiðinu verður fjallað um réttarstöðu brotaþola einkum skv. sakamálaálagnum nr. 88/2008, lögum um útlendinga nr. 80/2016 og lögum um nálgunarbann og brottvísun og af heimili nr. 85/2011. Í námskeiðinu verður jafnframt fjallað um stöðu annarra en brotaþola í viðkvæmri stöðu.

Fjallað verður um stöðu vitna í viðkvæmri stöðu, t.d. þegar í hlut eiga fatlaðir einstaklingar, stöðu barna við meðferð sakamála og annarra hópa sem taka þarf tillit til. Þá verður gerð grein fyrir þremur alþjóðasamningum sem snerta stöðu brotþola, Evrópuráðssamning um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun (Lanzarote-samningur), Evrópuráðssamning um varnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi (Istanbul-samningur) og bókun um að koma í veg fyrir, uppræta og refsa fyrir mansal, einkum kvenna og barna, sem er viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi (Palermó-bókun). Fjallað verður sérstaklega um stöðu brotþola í málum sem varða kynbundið ofbeldi svo sem kynferðisbrot og heimilisofbeldi þar með talið stafrænt ofbeldi og í málum er varða mansal og gerð grein fyrir dómum Mannréttindadómstóls Evrópu er varða réttindi brotþola. Lögð er áhersla á áhrif áfalla sem fylgt geta í kjölfar brots og hvernig þau geta haft áhrif á framburð vitna og störf lögreglumanna. Þá er lögð áhersla á mismunandi þarfir mismunandi hópa brotþola og annarra í viðkvæmri stöðu, t.d. við skýrslutöku lögreglu. Loks er fjallað um helstu úrræði sem standa brotþolum til boða svo sem Kvennaathvarf, Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis, Barnahús og Stígamót.

Kennsla: Námskeiðið stendur yfir í sex vikur, 2-3 kennslustundir í viku. Auk stuttra fyrirlestra og umræðna byggist kennslan mikið upp á skoðun og greiningu innlendra og alþjóðlegra dóma og úrskurða er varða réttindi brotþola og úrvinnslu raunhæfra verkefna. Gert er ráð fyrir samstarfi við samtök og stofnanir sem koma að málefnum brotþola.

Námsmat: Námsmat er tvískipt, annars vegar skila nemendur úrlausn raunhæfra verkefna sem gilda 60% og hins vegar er lokapróf sem gildir 40%.

Hæfniviðmið:

Viðmið um þekkingu:

- Að loknu námi á nemandi að þekkja réttindi brotþola skv. íslenskum rétti, áhrif reynslu og stöðu brotþola á framburð og hegðun viðkomandi og helstu úrræði sem brotþolum standa til boða.

Viðmið um leikni:

- Að loknu námi á nemandi að geta veitt fjölbreyttum hópi brotþola viðeigandi aðstoð og stuðning og brugðist við erfiðum aðstæðum á vettvangi með hagsmuni brotþola í huga.

Viðmið um hæfni:

- Að loknu námi á nemandi að geta beitt þekkingu sem aflað er í námskeiðinu við ákvarðanatöku og rökstuðning í einstökum málum, við yfirheyrslur og skýrslutöku og leiðbeint brotþola um réttarstöðu sína.

3.4. Fjórða námsmisseri

Heiti námskeiðs: Fjölskylduréttur (sifjaréttur) (1 eining (ECTS)).

Umsjónarkennari: Hrefna Friðriksdóttir, prófessor við Lagadeild.

Kennslutímabil: Fjórða misseri.

Forkröfur: Engar.

Almenn lýsing námskeiðsins: Að nemendur öðlist þekkingu á helstu ákvæðum hjúskaparlaga, erfðalaga, barnalaga og barnaverndarlaga sem reynt getur á í störfum lögreglunnar og átti sig á ágreiningsmálum sem geta komið upp við aðkomu lögreglu í þessum viðkvæmu málaflokkum.

Kennsla: Kennslan er byggð upp á stuttum fyrirlestrum með áherslu á umræður og verkefnavinnu í kennslustundum. Námsmat verður að taka mið af samþættingu við aðrar efnisgreinar lögfræðinnar en yrði annað hvort lokapróf eða (hóp)verkefni.

Námsmat: Námsmat gæti verið lokapróf eða (hóp)verkefni.

Hæfniviðmið:

Viðmið um þekkingu:

- Að námskeiðinu loknu á nemandi að þekkja helstu hugtök hjúskaparlaga, erfðalaga, barnalaga og barnaverndarlaga.
- Að námskeiðinu loknu á nemandi að þekkja þau álitæfni sem kalla á aðkomu lögreglu í þessum málaflokkum.

Viðmið um leikni:

- Að námskeiðinu loknu á nemandi að geta notað þekkingu sína til að leysa úr raunhæfum álitaeftum um hlutverk lögreglu

Viðmið um hæfni:

- Að námskeiðinu loknu á nemandi að tryggja lögmæta og farsæla aðkomu lögreglu að fjölskyldumálum.

Heiti námskeiðs: Barnavernd og ofbeldi í fjölskyldum (2 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Freydís Jóna Freysteinsdóttir, dósent við Félagsráðgjafardeild og Guðbjörg Ottósdóttir, lektor við Félagsráðgjafardeild.

Kennslutímabil: Fjórtá misseri.

Forkröfur: Fjölskylduréttur.

Almenn lýsing námskeiðs: Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist fræðilega þekkingu á fyrirbærunum ofbeldi og vanræksla í fjölskyldum. Farið verður í sögulega þróun kenninga í félagsvísindum um ofbeldi og vanrækslu í fjölskyldum og nemendur munu læra um helstu kenningar og rannsóknaraðferðir er varðar ofbeldi og vanrækslu í fjölskyldum. Þá verður fjallað ítarlega um skilgreiningar ofbeldis og vanrækslu, tegundir, birtingarmyndir, áhættuþætti og afleiðingar fyrir þolendur. Fjallað verður um ofbeldi og vanrækslu gagnvart börnum, milli systkina, milli foreldrum, gagnvart foreldrum og gagnvart fötluðum og öldruðum. Jafnframt verður fjallað um vinnuferli sem tengist löggjöf þessa málaflokks ásamt helstu úrræðum. Lögð verður áhersla á að tengja viðfangsefni námskeiðsins við kennslu í lögum og reglum um barnavernd og heimilisofbeldi.

Kennsla: Kennt er í 13 kennslustundir auk 7 umræðutíma sem dreifast jafnt yfir kennslutímabilið.

Námsmat: Skriflegt lokapróf (70%) og skilaverkefni (30%).

Hæfniviðmið: Að loknu námskeiðinu hefur nemandi:

- Getu til að lýsa mismunandi tegundum ofbeldis og vanrækslu innan fjölskyldna.
- Getu til að greina frá helstu kenningum og rannsóknaraðferðum í þessum málaflokki
- Getu til að greina frá helstu áhættuþáttum ofbeldis og vanrækslu í fjölskyldum og helstu afleiðingum
- Þekkingu á fjölbreyttum starfshlutverkum félagsráðgjafa er varða ofbeldi og vanrækslu í fjölskyldum.
- Færni til að geta gert grein fyrir viðfangsefni sínu skýrt og skipulega, jafnt í rituðu máli sem í munnlegum flutningi.
- Hæfni til að tileinka sér sjálfstæði, víðsýni og gagnrýna hugsun sem nýtist í námi og starfi.

Heiti námskeiðs: Geðrænir og félagslegir erfiðleikar (5 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Ragnar Pétur Ólafsson, dósent við Sálfræðideild og Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, dósent við Sálfræðideild.

Kennslutímabil: Fjórtá misseri.

Forkröfur: Hagnýting sálfræði í löggæslu.

Almenn lýsing námskeiðs: Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist skilning á geðrænum og félagslegum erfiðleikum og leikni í faglegum samskiptum við skjólstæðinga. Námskeiðið er kennt í nokkrum lotum. Í öllum lotum er fjallað um siðferðileg álitamál, réttindi sjúklinga og aðstandenda þeirra.

Börn og ungmenni. Fjallað er um hegðunarvandamál, geðraskanir, þroskahamlanir, lyndisraskanir, notkun ávanabindandi efna, og hvatastjórnunarraskanir. Áhrif af vanrækslu barna, áföllum og hverskyns ofbeldi (heimilis-, kynferðis-, andlegs ofbeldis) eru rædd sérstaklega svo og sjálfsvíg ungmenna.

Geðræn vandamál og fíknisjúkdómar fullorðinna. Hér er gefið yfirlit yfir persónuleika-, lyndis- og geðraskanir fullorðinna. Sérstaklega er rætt um geðrof, áfallastreitu og sjálfsvíg. Fíknisjúkdómar, afleiðingar og eðli þeirra eru rædd í þá mál og málefni aðstandenda fíknisjúklinga. Sértek vandamál sem tengjast öldrun eru rædd, svo sem minnisglöp.

Heimilis- og kynferðisofbeldi. Í þessari lotu er fjallað ítarlega um gerendur, þolendur, tegundir og afleiðingar heimilis- og kynferðisofbeldis.

Geðvernd og bjargráð í starfi. Í þessari lotu er lögð áhersla á að nemendur læri bjargráð til að takast á við erfiðar tilfinningar og hugsanir sem þeir sjálfir geta upplifað í lögreglustarfinu. Þeir fá fræðslu um hvernig takast skal á við áföll og streitu en einnig bjagaðar hugsanir og algeng tilfinningaviðbrögð.

Kenndsla: Kenndar eru 3 kennslustundir í senn sem skiptast í 2x fyrirlestrartíma og 1x verkefnatíma. Samtals 13 verkefnatímar og 26 fyrirlestrartímar. Í verkefnatímum eru þjálfuð undirstöðuatriði í samtalstækni, hvatningasamtölum, krisustjórn og stjórn aðstæðna (de-escalation) og þau sett í samhengi við fyrirlestrarefni dagsins. Kenni er samningatækni við fólk sem er hættulegt sjálfum sér eða öðrum. Hlutverkaleikir skipa stóran sess, svo og hugræn þjálfun og slökun til þess að takast á við eigin hugsanir og slæmar tilfinningar. Gert er ráð fyrir vettvangsheimsóknnum a.m.k. tvisvar á önninni, t.d. í athvarf heimilislausra og á geðdeild Lsp. Einnig er gert ráð fyrir einum gestafyrirlestri sem fjallar um sértæk málefni flóttafólks og hælisleitenda.

Námsmat: Frammistaða í verklegum tímum gildir 10% af lokaeinkunn. Í lok hverrar lotu þreyta nemendur skriflegt próf sem skiptist í krossaspurningar, skilgreiningar hugtaka og ritgerð.

Hæfniviðmið:

Viðmið um þekkingu

- Nemandi þekki einkenni helstu geðraskana barna og fullorðinna, sé fær um að bera kennsl á rétt viðbrögð í þjónustu við fólk með geðraskanir og/eða fiknisjúkdóm og þekki afleiðingar ofbeldis og rétt viðbrögð í garð gerenda, áhorfenda og þolenda. Nemandi hafi skilning á eigin hugsunum og tilfinningum sem kunna að vakna í starfi og þekki algeng bjargráð til þess að takast á við þær.

Viðmið um leikni

- Nemandi geti aflað sér frekari þekkingar um mismunandi geðræn og félagsleg vandamál og geti fjallað á réttlátan hátt um geðræn vandamál í fjölmiðlum. Að nemandi beri kennsl á eigin streitueinkenni og hugsanir við mismunandi aðstæður og tengi þau við þekkingu sína á líkamlegum, hugrænum og hegðunarlegum streitueinkennum. Að nemandi geti beitt samtalstækni og haft stjórn á erfiðum eða hættulegum aðstæðum og geti aðlagð samtöl og viðbrögð sín til að mæta ólíkum hópum og aðstæðum.

Viðmið um hæfni

- Nemandi beri virðingu fyrir ólíkum félagslegum aðstæðum og geðheilsu fólks. Nemandi átti sig á ábyrgð sinni sem fagmanns í samskiptum við fólk með geðræn vandamál. Nemandi beri skynbragð á hvenær og hvernig er eðlilegt fyrir löggæslu að grípa inn í aðstæður sem kunna að vera hættulegar. Nemandi geti undirbúið sig undir erfið verkefni og yfirfært leikni sína yfir á nýjar aðstæður.

Heiti námskeiðs: Viðbrögð á vettvangi, viðtalstækni og sálræn skyndihjálpar (2 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Freydís Jóna Freysteinsdóttir, dósent við Félagsráðgjafardeild og Gyða Hjartardóttir aðjunkt.

Kennslutímabil: Fjórða misseri.

Forkröfur: Engar.

Almenn lýsing námskeiðs: Markmið námskeiðsins er að nemendur í lögreglufræðum öðlist grundvallarþekkingu á grunnatriðum viðtalstæki og sálrænnrar skyndihjálpar. Áhersla er lögð á hvernig nýta má grundvallaratriði viðtalstækni og virkar hlustunar þegar afla þarf nákvæmra upplýsinga með skjótum hætti. Einnig er fjallað um hvernig beita þarf ólíkri viðtalstækni eftir aldri og aðstæðum skjólstæðinga. Einnig er fjallað um hvernig beita má þekkingu á sálrænnri skyndihjálpar þegar lögregla mætir skjólstæðingum sem hafa orðið fyrir áfalli eða missi. Þá er einnig fjallað um viðbrögð á vettvangi, hvernig ná má stjórn á aðstæðum og mæta einstaklingum, fjölskyldum og hópum í kreppu og áfalli t.d. vegna ofbeldis á heimili, líkamsásar, slysa eða andláts. Þá er fjallað um aðferðir til að takast á við úrvinnslu áfalla sem lögreglufólk mætir í starfi.

Kenndsla: Námskeiðið er 13 kennslustundir auk þess eru 7 umræðutímar.

Námsmat: Blandað.

Hæfniviðmið: Að loknu námskeiði skal nemandinn:

- þekkja grundvallaratriði og hafa hæfni til að beita viðtalstækni og virkri hlustun
- þekkja grundvallaratriði sálrænnrar skyndihjálpar og öðlast hæfni til að beita aðferðum hennar í starfi
- hafa hæfni til að taka stjórn á vettvangi þar sem áföll hafa orðið og mæta skjólstæðingum lögreglu sem hafa orðið fyrir áföllum með uppbyggilegum hætti.
- hafa öðlast innsýn í hvernig má vinna úr áföllum í starfi.

Heiti námskeiðs: Málefni útlendinga (2 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við Lagadeild.

Kennslutímabil: Fjórða misseri.

Forkröfur: Stjórnsýsluréttur 1 og 2, Almenn lögfræði og Mannréttindi.

Almenn lýsing námskeiðsins: Lögreglan kemur að framkvæmd útlendingalaga með ýmsum hætti og markmið þessa námskeiðs er að kynna löggjöf og réttarframkvæmd á þessu sviði fyrir lögreglumenum. Fjallað verður almennt um réttarheimildir og stjórnkerfi útlendingamála á Íslandi, auk þess sem tengsl útlendingalaga við Evrópurétt (þ.á m. Schengen- og Dyflinnarsamstarfið) og alþjóðlega sáttmála á sviði mannréttinda og flóttamannaréttar verða skýrð. Að því loknu verður fjallað nánar um helstu hugtök og efnisreglur útlendingalaga, en í því sambandi verður lögð sérstök áhersla á umfjöllun um þá þætti réttarframkvæmdar sem lögregla annast og þau þvingunar- og rannsóknarúræði sem útlendingalög kveða á um. Námskeiðinu mun ljúka með vettvangsferð til Útlendingastofnunar.

Kennsla: Námskeiðið verður 12 kennslustundir, sem skiptast niður á 4 kennsludaga:

Fyrsti kennsludagur: Réttarheimildir á sviði útlendingamála, stjórnkerfi útlendingamála og tengsl útlendingalaga við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Þrjár fyrirlestrar.

Annar kennsludagur: Koma og dvöl á Íslandi. Helstu efnisreglur, rannsóknar- og þvingunarúræði. Tveir fyrirlestrar og einn verkefnatími þar sem leyst verður úr raunhæfu verkefni.

Þriðji kennsludagur: Umsækjendur um alþjóðlega vernd, flóttamenn og ríkisfangslausir. Helstu hugtök og efnisreglur. Tveir fyrirlestrar og einn verkefnatími þar sem leyst verður úr raunhæfu verkefni.

Fjórdi kennsludagur: Frávísun og brottvísun frá landi. Helstu efnisreglur og þvingunarúræði. Einn fyrirlestur og einn verkefnatími þar sem leyst verður úr raunhæfu verkefni. Vettvangsferð til Útlendingastofnunar

Námsmat: Blandað.

Hæfniviðmið:

Viðmið um þekkingu:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu hefur þekkingu á stjórnkerfi útlendingamála, skilur tengsl útlendingalöggjafarinnar við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands og þekkir helstu hugtök útlendingalöggjafarinnar.

Viðmið um leikni:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu hefur færni til að finna og meta réttarreglur á sviði útlendingamála.

Viðmið um hæfni:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu getur beitt réttarreglum á sviði útlendingamála um raunhæf álitæfni.

Heiti námskeiðs: Jafnrétti og bann við mismunun (2 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Brynhildur Flóvenz, dósent við Lagadeild.

Kennslutímabil: Fjórða misseri.

Forkröfur: Stjórnsýsluréttur 1 og 2, Almenn lögfræði og Mannréttindi.

Almenn lýsing námskeiðsins: Eitt af mikilvægum hlutverkum lögreglunnar er lausn ágreiningsmála í samskiptum borgaranna sín í milli eða milli lögreglu og borgara í því skyni að halda uppi lögum og reglu í hinum ýmsu aðstæðum. Lykilatriði í því hlutverki er þekking á mismunandi stöðu og mismunandi menningu einstakra hópa. Sýnileiki brota sem beinast gegn borgurum vegna þess að þeir tilheyra tilteknum hópum, svo sem hatursglæpir ýmiss konar eða kynbundið ofbeldi, hefur orðið meiri á síðari árum. Í ljósi sífellt fjölbreyttara samfélags er mikilvægt að lögreglumenn hafi þekkingu á hvernig jafnrétti einstakra hópa á við aðra er tryggt í íslenskum rétti og hvaða skyldur eru lagðar á lögreglumenn að þessu leyti. Enn fremur er mikilvægt að lögreglumenn geri sér grein fyrir hvernig staða lögreglumanna sjálfra og menning innan lögreglunnar getur haft áhrif á störf þeirra og hvernig unnt er að bregðast við því. Þá er í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 er í 2. mgr. 23. gr. kveðið á um að á öllum skólastigum skuli nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál. Í námskeiðinu verður fjallað um jafnrétti og bann við mismunun með sérstakri áherslu á kynferði en auk þess verður fjallað um jafnrétti og bann við mismunun á grundvelli fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar og uppruna. Annars vegar verður fjallað um inntak þessara réttinda í íslenskum og alþjóðlegum rétti og hins vegar um áhrif þessara breyta við túlkun og beitingu réttarins í starfi lögreglunnar. Gerð er grein fyrir grundvallarhugtökum svo sem beinni og óbeinni mismunun, kynjasambættingu í starfi lögreglunnar og sértækum aðgerðum. Þá er sérstaklega fjallað um kynbundna og kynferðislega áreitni. Áhersla er lögð á mismunandi stöðu

og hlutverk kynjanna í réttarkerfinu. Þá er fjallað um aðgengi að réttinum fyrir alla óháð stöðu borgaranna og hvernig unnt er að tryggja það í störfum lögreglunnar.

Kennsla: Námskeiðið stendur yfir í fjórar vikur, 3 kennslustundir í viku. Auk stuttra fyrirlestra og umræðna byggist kennslan mikið upp á skoðun og greiningu innlendra og alþjóðlegra dóma og úrskurða á sviði jafnréttis og banns við mismunun.

Námsmat:

Námsmat er tvískipt, annars vegar skila nemendur úrlausn raunhæfra verkefna sem gilda 50% og hins vegar er lokapróf sem gildir 50%.

Hæfniviðmið:

Viðmið um þekkingu:

- Að loknu námi á nemandi að þekkja efnislegt innihald grundvallarreglunnar um jafnan rétt borgaranna og helstu réttarheimildir um jafnrétti og bann við mismunun, birtingarmyndir kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni, helstu hindranir sem kunna að standa í vegi fyrir aðgengi tiltekinna hópa að réttinum og möguleg áhrif kyns, stöðu og menningar lögreglumanna á störf þeirra.

Viðmið um leikni:

- Að loknu námi á nemandi að geta veitt borgurunum sambærilega þjónustu óháð kyni, uppruna, fötlun eða kynhneigð, átt samskipti við og unnið með einstaklingum með mismunandi og ólíkan bakgrunn, og brugðist við kynferðislegri og kynbundinni áreitni innan lögreglu sem utan.

Viðmið um hæfni:

- Að loknu námi á nemandi að geta beitt efnisreglum um jafnrétti og bann við mismunun í daglegu starfi í lögreglunni og aðferðum kynjasambættingar í störfum sínum í lögreglunni.

Heiti námskeiðs: Jafnrétti, fjölmening og margbreytileiki (3 ECTS).

Umsjónarkennari: Þorgerður Einarsdóttir, prófessor við Stjórn málafræðideild og Gyða Margrét Pétursdóttir, lektor við Stjórn málafræðideild.

Kennslutímabil: Fjórdá misseri.

Forkröfur: Engar.

Almenn lýsing námskeiðsins: Námskeiðið er hagnýtur undirbúningur fyrir störf í lögreglunni. Markmið námskeiðsins er að kynna grundvallaratriði jafnréttisfræða frá sjónarmiði fjölmennningar, margbreytileika og kynjatengsla. Í nútímasamfélögum eru gerðar síauknar kröfur um þekkingu á jafnréttismálum, fjölmenningu og margbreytileika og á það ekki síst við um störf lögreglunnar. Ísland er aðili að alþjóðasamþykktum um jafnrétti og í jafnréttislagum (nr. 10/2008) kveðið er á um kynjasambættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins. Í námsþættinum er fjallað um helstu viðfangsefni nútímasamfélaga í ljósi fjölmennningar, margbreytileika og kynjatengsla, þ.m.t. stöðu og aðstæður innflytjenda, stöðu kynjanna, hinseginfólks og kynbundið ofbeldi. Kynnt verða helstu hugtök fjölmenningar-, margbreytileika- og kynjafræða svo sem fjölmening, þjóðernisuppruni/etnísitet, fötlun, kyn, kyngervi, kynhneigð og kynvitund. Skoðað er hvernig þessir þættir eiga þátt í að skapa einstaklingum mismunandi lífsskilyrði og möguleika, og jafnframt hvernig þeir eru ávallt samtvinnaðar öðrum samfélagslegum áhrifaþáttum í lífi fólks.

Kennsla: Kenndar verða 13 kennslustundir, sem dreifast jafnt yfir kennslutímabilið.

Námsmat: Verkefni (50%), skriflegt próf (50%)

Hæfniviðmið: Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að:

- Kunna skil á helstu viðfangsefnum jafnréttisfræða frá sjónarmiði fjölmennningar, margbreytileika og kynjatengsla eins og þau birtast í starfi lögreglunnar.
- Geta unnið sjálfstætt og í hópi að úrlausn viðfangsefna og áskorana á sviði jafnréttismála á starfsvettvangi lögreglunnar.
- Hafa þekkingu á samspili ólíkra þátta svo sem þjóðernisuppruna, litarháttar, fötlunar, kyns, kynhneigðar og kynvitundar í samfélagi og menningu.
- Geta beitt sjónarhorni margbreytileika og jafnréttisfræða í daglegum vinnuáðstæðum lögreglumanna.
- Geta hagnýtt þekkingu sína við greiningu og úrlausn viðfangsefna á vettvangi lögreglustarfsins.

Heiti námskeiðs: Rannsókn sakamála (6 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: NN. Nánari þróun og útfærsla í samstarfi við MSSL.

Kennslutímabil: Fjórða misseri.

Forkröfur: Sakamálaréttarfar I og II.

Almenn lýsing námskeiðs: Að nemendur kunni grunnatriði í rannsóknum brotamála og séu meðvitaðir um hlutverk lögreglu þar sem rannsóknar er þörf. Í námskeiðinu reynir á þær reglur sem nemendur hafa tileinkað sér í sakamálaréttarfarri I og 2. Sérstök áhersla er lögð á umgengni á vettvangi slysa og afbrota; að nemendur viti mikilvægi þess að finna, vernda og meðhöndla öll sönnunargögn og séu meðvitaðir um hvers konar sérhæfða tækni- og rannsóknarvinnu er unnt að framkvæma á slíkum vettvangi og þekki til þess hvort og þá með hvaða hætti ber að kalla til sérhæfða rannsóknaraðila lögreglunnar (tæknideild lögreglunnar eða aðra) sem og möguleika til að kalla til aðra sérhæfða rannsækendur og ráðgjafa. Nemendur skulu kunna undirstöðuatriði mælingartækni og ljósmyndunar svo að þeir geti teiknað og ljósmyndað vettvang, hvort sem er innan- eða utanhúss.

Jafnframt er markmið námskeiðsins að nemendur kunni skil á þeim reglum sem gilda um aðgang að öllum tölvukerfum lögreglunnar, að þeir öðlist góða þekkingu á Lögreglukerfinu, verði færir um að frumskrá mál í því og þekkja vel helstu leitarmöguleika þess. Þeir skulu þekkja vel reglur um notkun vettvangsskýrsla lögreglunnar vegna brota á ákvæðum umferðarlaga og vera færir um að rita slíkar skýrslur. Að lokum skulu þeir vera færir um að skrifa allar einfaldari lögregluskýrslur í greinargóðu og villulausu máli.

Viðfangsefni námskeiðsins eru:

- Upphaf lögreglurannsóknar, rannsóknar og hlutverk lögreglu við slíkar rannsóknir
- Húsleit, haldlagning, skráning og meðferð sönnunargagna
- Verklag og gildandi lög og reglur um töku og varðveislu sönnunargagna
- Vettvangsteikning, meðferð fingrafara, skófara og annarra fara á vettvangi
- Vinnubrögð lögreglu á vettvangi varðandi rannsóknir tiltekinna málaflokka, svo sem auðgunarbrota, eignaspjalla, ofbeldisbrota, ölvunaraksturs, slysa og andláta
- Skýrslutöku af sakborningi, brotaþola og öðrum vitnum
- Beitingu tálbeita og uppljóstrana og afhendingu undir eftirliti og skyggingu
- Sakbendingu og skyldum aðgerðum
- Aðgangur að lögreglukerfinu og reglur um notkun þess
- Uppbygging Lögreglukerfisins
- Frumskýrslugerð í lögreglukerfi
- Notkun vettvangsskýrslu lögreglunnar vegna brota á ákvæðum umferðarlaga

Kennsla: Kenndar verða 26 kennslustundir, þ.e. tvöföld kennslustund 13 sinnum yfir kennslutímabilið. Uppistaða námskeiðsins verða verklegar æfingar en þó kann einhver hluti námskeiðsins að vera í formi fyrirlestra sem undirbúningur fyrir verklega þætti. Kennsla verður í formi raunhæfra verkefna og æfinga þar sem reynt verður að líkja eftir raunverulegum aðstæðum.

Námsmat: Blandað.

Hæfniviðmið:

Viðmið um þekkingu:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu kann skil á þeim aðferðum og heimildum við rannsókn mála og beitingu þvingunarráðstafa í samræmi við viðeigandi heimildir.

Viðmið um leikni:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu getur rannsakað mál og beitt þvingunarráðstöfum í samræmi við viðeigandi heimildir.

Viðmið um hæfni:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu getur beitt tilteknum aðferðum við rannsókn og nauðsynlegra þvingunarráðstafa.

Heiti námskeiðs: Lögregluæfingar IV, fyrsta hjálpar og björgunarsund (0 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: NN. Nánari þróun og útfærsla hjá MSSL.

Kennslutímabil: Fjórða misseri.

Forkröfur: Lögregluæfingar I, II og III.

Almenn lýsing námskeiðsins: Nemendur læra meginatriði fyrstu hjálpar og að bregðast rétt við þegar slys eða bráðaveikindi verða. Nemendur skulu geta gert sér grein fyrir því hvort slasaðir eða sjúkir séu í lífshættu eða ekki og verða færir um að greina milli meðvitundar, meðvitundarleysis og dauðadás. Þeir geti beitt endurlífgun, búið um minni háttar áverka og hlúð að slösuðum með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni. Þátttakendur eru undirbúnir fyrir að takast á við neyðartilfelli sem fela í sér erfiðar aðstæður, takmarkaðan búnað og langa yfirsetu.

Almenn sundkunnátta, þ.e. bringusund og baksund, á að vera fyrir hendi hjá öllum nemendum við upphaf grunnnáms en í kennslustundum er sundþol þeirra aukið og þeir eiga að verða færir um bjarga sjálfum sér og öðrum úr sjó og/eda vatni.

Viðfangsefni námskeiðsins eru:

- Meginatriði fyrstu hjálpar, lagaskyldur o.fl.
- Mannlíkaminn, þríhyrnaverfið, endurlífgun, líkamsáverkar, algengir sjúkdómar, súrefnisgjöf og aðstoð, sálræn skyndihjálpar og hópslys.
- Stjórnun á slysa- eða afbrotavettvangi og lögreglurannsóknir.
- Kynning á búnaði sjúkrabifreiða.
- Björgunarsund.
- Björgunaraðferðir.
- Vatnsvani og vatnsleikfimi.

Kennsla: Kennsla fer fram með fyrirlestrum, myndböndum, sýnikennslu, verkefnum og verklegum æfingum og í sundlaugum. Vettvangsferðir verða farnar í slysavarnafélögin, björgunarsveitirnar, sjúkrahús og slökkvilið.

Allar kennslustundir í sundlaug hefjast á 300 – 500 metra sundi og að því loknu eru verkefni og æfingar í ýmsum aðferðum til björgunar úr vatni og sjó.

Námsmat: Nemandi skal standast almennar kröfur sem gerðar eru skv. nánari útfærslu á námsmati og fá nemendur „staðist“ eða „ekki staðist“ í lok námskeiðs.

Tvisvar á námstímanum eru nemendur prófaðir í 600 metra sundi með frjálsri aðferð auk þess sem almenn geta þeirra er skoðuð í kennslustundum.

Heiti námskeiðs: Refsiréttur III, brot á sviði sérrefsilaga (3 einingar (ECTS)).

Umsjónarkennari: Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við Lagadeild.

Kennslutímabil: Fjórða misseri.

Forkröfur: Refsiréttur I og II.

Almenn lýsing námskeiðsins: Í námskeiðinu verður fjallað um þau sérrefsilög sem helst reynir á í starfi lögreglumanna. Mörg þessara laga tengjast ákvæðum almennra hegningarlaga (hgl.) sem oft hafa ákvæði um alvarleg brot á viðkomandi sérsviði. Sé um það að ræða verður hér fjallað í samfellu um brotin gegn sérrefsilögnum og viðeigandi hegningarlaga brot. Fjallað verður bæði um háttarnisreglur sérrefsilaga, refsingu fyrir brotin og önnur viðurlög.

Sérrefsilög: Umferðarlög, áfengislög, vopnalög og tollalög.

Sérrefsilög og alvarleg brot gegn hegningarlögum: Lög um ávana- og fíkniefni, 173. gr. a. hgl.; Umhverfislöggjöf: Náttúruvernd (akstur utan vega), dýravernd og mengun, 179. gr. hgl.; Skatta- og bókhaldsbrot, 262. gr. hgl.; Efnahagsbrot, almennt um skilgreiningu og einkenni efnahagsbrota. Markaðsmisnotkun, innherjasvik og tengsl þessara brota við 249. gr. hgl. um umboðssvik. Í þessum námskeiði verður mestum tíma varið í umferðarlög, fíkniefnalög og efnahagsbrot.

Kennsla: Kennslan er byggð á stuttum fyrirlestrum um meginatriði, æfingum, dæmum og umræðum. Kennslustundir eru 20 og skiptast í 12 fyrirlestratíma og 8 umræðutíma. Í umræðutímum er efni fyrirlestra nánar rætt og útskýrt, einkum með dómum og raunhæfum dæmum, unnið er með raunhæf verkefni sem nemendur hafa leyst heima fyrir tímana, og fagaðilar, sem fjalla um einstök efni námskeiðsins í störfum sínum, verða fengnir í heimsókn, t.d. fulltrúar frá Samgöngustofu og Fjármálaeftirliti.

Námsmat: Námsmat samanstendur af hópverkefni sem 3-5 nemendur vinna saman og kynna í kennslustund fyrir skólasystkinum sínum og gildir 10% af lokaekinn, stuttri ritgerð um sjálfvalið efni á sviði námskeiðsins sem gildir 30% af lokaekinn og munnlegu prófi í lok námskeiðs, sem gildir 60% af lokaekinn.

Hæfniviðmið: Að námskeiðinu loknu eiga nemendur að hafa öðlast grundvallarþekkingu á háttisreglum og viðurlagareglum sérreksilaga og tengslum sérreksilaga við almenn hegningarlög og geta notað þessar reglur til að leysa úr refsiréttarlegum álitaeinum.

Viðmið um þekkingu:

- Sé sem hefur lokið námskeiðinu þekkir og skilur helstu hugtök sérreksilaga og getur útskýrt þau.
- Sá sem hefur lokið námskeiðinu kann skil á helstu reglum um einstakar brotategundir í sérreksilögum og getur skilgreint þau og aðgreint frá ákvæðum hegningarlaga um sambærileg efni.
- Sá sem hefur lokið námskeiðinu kann skil á helstu dómum um þau refsiréttarlegu álitaeini sem fjallað er um í námskeiðinu.

Viðmið um leikni:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu getur leitað að lögum, dómum og öðrum réttarheimildum sem varða efni námskeiðsins og túlkað þessar heimildir við úrlausn verkefna.
- Sá sem hefur lokið námskeiðinu getur notað lög, dóma og aðrar réttarheimildir til að rökstyðja niðurstöður í raunhæfum dæmum um efni námskeiðsins.

Viðmið um hæfni:

- Sá sem hefur lokið námskeiðinu getur nýtt þekkingu sína og leikni í lögreglustarfi og/eða frekara námi. Sá sem hefur lokið námskeiðinu getur aflað sér sjálfstæðrar þekkingar á þeim viðfangseinum sem starf hans krefst hverju sinni.

4. Framtíðarsýn háskólans og möguleikar á þróun lögreglunáms

4.1. Almennt

Háskóli Íslands sér mikla framtíðarmöguleika á áframhaldandi þróun á lögreglunámi í samvinnu við MSSL, Ríkislögreglustjóra og lögreglu í landinu. Eins og sjá má í skýrslu nefndar um endurskoðun lögreglunáms á Íslandi hafa verið hugmyndir um að þróa lögreglunámið enn frekar í átt að því þriggja ára, eða 180 ECTS eininga námi sem þekkest á Norðurlöndum. Háskólinn fagnar mjög þeirri framtíðarsýn og lýsir nú sem fyrr yfir áhuga á að taka þátt í því mikilvæga þróunarstarfi.

Örar breytingar í samfélaginu endurspeglast í sífelldum breytingum á starfsumhverfi lögreglumanna. Háskóli Íslands telur því nauðsynlegt að námið, námskráin og námsskipulagið verði í stöðugri endurskoðun og þróun og taki mið af breytingum á starfsumhverfi lögreglumanna.

4.2. Þróun námsins

Möguleikarnir sem Háskóli Íslands sér fyrir sér um frekari þróun lögreglunáms eru t.d. þróun og mótun BA og MA náms í lögreglufræðum. BA námið gæti verið hannað sem viðbót við fyrirliggjandi 120 ECTS eininga diplómanámið þannig að þriðja árinu yrði bætt við. Samtals myndi viðbótarárið ásamt diplómanáminu þannig telja 180 staðlaðar námseiningar á háskólastigi. Viðbótarárið væri hægt væri að taka hvenær sem hentar lögreglumanninum og jafnvel eftir að nokkurra ára reynsla innan lögreglunnar liggur fyrir. Háskólinn sér fyrir sér að BA námið væri þróað sem frekara nám og með sérhæfingu í t.d. vímuefnamálum, efnahagsbrotamálum, sálfræði, félagsfræði og félagsráðgjöf, fjölskyldu- og barnaverndarmálum, jafnréttismálum, hamfarafraeðum og almannavörnum, mannauðsstjórn o.s.frv.

Önnur leið gæti verið að sérhæfingarleiðirnar sem að ofan eru nefndar yrðu þróaðar í meistaranám við Háskóla Íslands og að BA námið yrði í takt við lögreglunám á Norðurlöndum sem metur starfsnám við lögregluembætti til eininga og bætir við BA ritgerð sem kröfu til BA prófs í lögreglufræðum.

Sjá má nánari útfærslu á hugmyndum um áframhaldandi þróun námsins innan Háskóla Íslands í framtíðinni í 4. viðauka.

4.3. Rannsóknir og nýsköpun í lögreglufræðum

Rannsóknir eru hluti af starfskyldum allra fastráðinna kennara við Háskóla Íslands, þ. á m. kennara í lögreglufræði. Rannsóknarátturinn í starfinu er að jafnaði um 40% og er kostnaður vegna þessa innifalinn í rekstraráætluninni í kafla 5 hér að aftan. Rannsóknir við Háskóla Íslands, eins og við háskóla um allan heim, lúta meginreglunni um akademískt frelsi. Í því felst að rannsakendur velja sér sjálfir rannsóknarviðfangsefni innan síns fræðasviðs. Af þessu leiðir að kennarar sem koma að kennslu í lögreglufræði munu beina rannsóknnum sínum, a.m.k. að hluta, að öflun og miðlun nýrrar þekkingar á sviði lögreglufræða og skapa þannig rannsóknahæfð á þessu nýja fræðasviði. Ný þekking mun einnig hafa áhrif á framþróun kennslu og náms í lögreglufræði og stuðla að þróun og nýsköpun á vettvangi lögreglustarfsins.

Við Háskóla Íslands er starfrækt öflugt stoðkerfi fyrir rannsakendur, sem m.a. felur í sér fjárhagslegan stuðning vegna kostnaðar við rannsóknir, aðstoð við sókn í rannsóknasjóði utan háskólans, fjárhagslega hvata til alþjóðlegs samstarfs, leiðsögn í tengslum við hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna og launaumbun vegna árangurs í rannsóknnum.

4.4. Tengsl við símenntun og endurmenntun lögreglumanna

Eftir að diplómanám í lögreglufræðum er hafið er mögulegt að nýta einstök námskeið námsleiðarinnar til sí- og endurmenntunar lögreglumanna sem þegar eru í starfi. Ekki eru þó gerðar beinar tillögur þar að lútandi en bent á að möguleikinn er til staðar. Þetta kæmi til viðbótar þeim möguleika að starfandi lögreglumenn geti, að fullnægðum inntökuskilyrðum, skráð sig í diplómanámið og óskað eftir mati á fyrra námi og starfsreynslu í samræmi við viðmið sem yrðu skilgreind, sjá einnig kafla 2.3.

Háskóli Íslands legur áherslu á að haft sé í huga að innan lögreglunnar starfa einstaklingar með fjölbreyttan bakgrunn sem mikilvægt er að viðhalda. Vegna þessa mun háskólinn leggja á það áherslu, í samvinnu við MSSL, að þróa aðferðir og leiðir til þess að starfandi lögreglumenn eigi þess kost að sækja einstök námskeið innan námsleiðarinnar.

5. Rekstraráætlun

5.1. Inngangur

Í eftirfarandi áætlun er gert ráð fyrir því að árlegur kostnaður vegna lögreglunáms við Háskóla Íslands verði ríflega 140 m.kr. Ekki er hér gert ráð fyrir kostnaði vegna verk- og starfsnáms, sbr. valferlisgögn bls. 3, en þar segir: „Fyrir utan þetta [framlag til háskóla] fellur til kostnaður vegna verk- og starfsnáms sem lögum samkvæmt fer fram hjá Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu í samstarfi við háskóla“.

Í áætlun þessari er ekki gert ráð fyrir sérstökum þróunarkostnaði í upphafi náms. Ástæða þess er að ráðningar akademískra starfsmanna munu taka nokkra mánuði og þar með „sparast“ nokkur fjárhæð í upphafi sem fyrirhugað er að muni standa undir þróunarkostnaði og námsefnisgerð fyrstu tvö árin. Að þeim tíma liðnum mun slíkur kostnaður, t.d. við þróun námsefnis, falla undir samrekstur.

5.2. Kostnaðaráætlun vegna náms í lögreglufræðum við Háskóla Íslands

Forsendur	
Stjórnsýslustarf – stoðþjónusta	10.000.000 kr.
Akademískt starf	12.000.000 kr.
Kennsluskylda kennara	770 klst.
Einingaverð kennsluyfirvinnu fastra kennara	6.000 kr.
Einingarverð stundakennslu	3.700 kr.
Hlutfall kennslu umfram kennsluskyldu kennt af stundakennurum	25%
Fjöldi kennslustunda á bak við hverja ECTS einingu	75 klst
Fjöldi ECTS eininga í bóklegu námi (kennt í HÍ)	120 ECTS
Álag á launakostnað v/ annars kostnaðar við HÍ (samrekstur)	30%
Heildarfjöldi kennslustunda	9.000 klst.

Áætlaður árlegur kostnaður		
Kostnaðarliður	Fjöldi	Kostnaður
Ný akademískt störf	5	60.000.000 kr.
Nú stjórnsýslustörf vegna námsins	2	20.000.000 kr.
Kennsluyfirvinna fastra kennara	3.863	23.175.000 kr.
Stundakennsla	1.288	4.763.750 kr.
Samtals launakostnaður		107.938.750 kr.
Álag á launakostnað vegna annars kostnaðar við HÍ (samrekstur)		32.381.625 kr.
Samtals árlegur kostnaður vegna náms við Háskóla Íslands		140.320.375 kr.

5.3. Skýringar við áætlunina

Meginforsendur áætlunarinnar eru að ráðinn verði einn starfsmaður á skrifstofu Félagsvísindasviðs í stoðþjónustuverkefni við kennara og nemendur. Einn verkefnisstjóri verður ráðinn til að halda utan um námsleiðina og gert er ráð fyrir að hann uppfylli akademísk hæfisskilyrði háskólans og geti þar með tekið að sér kennslu. Þá er miðað við að ráðnir verði fimm fastir kennarar, sem er í samræmi við áætlað kennslumagn námsleiðarinnar. Forsendur um kennsluskyldu, einingarverð og stundakennslu grundvallast á venjum og reglum skólans. Hlutfall samreksturs er 30% eins og fyrir aðrar kennslueiningar háskólans. Samrekstur stendur straum af kostnaði við húsnæði, innviði, þróun námsins og nýmæli.

6. Framkvæmdaráætlun

Áætlun þessi miðar við að samningur um lögreglunám við Háskóla Íslands verði undirritaður 1. september nk. Ítrekað er að undirbúningstími lögreglunáms á háskólastigi er mjög skammur, því er afar brýnt að náð samráð á milli Háskóla Íslands, Keilis og MSSL hefjist um leið og samningur hefur verið undirritaður, þ.á m. um þætti eins og endanlegan frágang námskrár, verklegt nám og inntöku nemenda.

Helstu vörður:

Samningur um námið	1. september 2016.
Námsstjórn	1. september tekur bráðabirgðanámsstjórn til starfa, skipuð fulltrúum Háskóla Íslands, MSSL og Keilis.
Verkefnisstjóri	1. september, ráðning verkefnisstjóra. Tímabundin ráðning án auglýsingar.
Námið auglýst	2. september.
Formlegt samráðsferli	Frá 2. september verður skipulagt samráð við Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar (MSSL) um nánari útfærslur, endanlegt skipulag haustmísseris og þróun námskrárinnar í heild.
Skipun námstjórnar	8. september.
Umsóknarfrestur	16. september.
Inntökuferli	19.-23. september, farið yfir umsóknagögn m.a. um stúdentspróf, framkvæmd íþróttaprófs og viðtöl við umsækjendur. Námsstjórn annist val á nemendum.
Kennsla hefst	3. október.
Frekari þróun námskrár	Haustmísseri 2016. Námstjórn lýkur við námskrá námsbrautar í lögreglufraeðum við Lagadeild.

7. Upplýsingar um hæfi kennara og þjálfun í starfi

7.1. Almennt um hæfi kennara við Háskóla Íslands

Í [III. kafla sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009](#) er fjallað um hæfi kennara og sérfræðinga við skólann og hvernig staðið er að ráðningu þeirra. Þar kemur fram að akademískir starfsmenn eru prófessorar, dósentar og lektorar. Engan má ráða í þessi störf nema að meirihluti dómnefndar telji umsækjanda uppfylla tiltekin lágmarksskilyrði, sem skilgreind eru í 41. gr. framangreindra reglna.

Upphafleg ráðning í akademísk störf er tímabundin til fimm ára. Rektor tekur ákvörðun um það hvort ráðning veður ótímabundin að fenginni tillögu framgangsnefndar Háskóla Íslands í samræmi við ákvæði [reglna um framgang og ótímabundna ráðningu nr. 263/2010](#).

Í reglum um framgang og ótímabundna ráðningu er fjallað nánar um lágmarksskilyrði fyrir hvert starfsheiti. Þar er að finna töflu um lámarksstigafjölda sem gerð er krafa um fyrir hvern starfsþátt, þ.e. rannsóknir, kennslu, stjórnun og þjónustu, þ.m.t. tengsl við atvinnu- og þjóðlíf. Þessir starfsþættir eru metnir á grundvelli [Matskerfis opinberra háskóla](#).

7.2. Endurmenntun og þjálfun háskólakennara

Háskóli Íslands starfrækir Kennslumiðstöð þar sem starfa 8 sérfræðingar. Hlutverk miðstöðvarinnar er að stuðla að þróun kennsluhátta með því að veita kennurum, deildum, fræðasviðum og stjórnendum faglega aðstoð.

Helstu verkefni Kennslumiðstöðvar eru ráðgjöf til kennara og stjórnenda Háskóla Íslands vegna kennsluhátta og tæknistuddrar kennslu; námskeið og fræðsla um margvísleg viðfangsefni tengd kennslu; þróun upplýsingtækni í kennslu; innleiðing nýrra miðla og aðstoð vegna tæknistuddrar kennslu og fjarnáms; utanumhald við sérstakan kennsluvef þar sem er að finna gagnlegar upplýsingar og góð ráð; kennslutengd þjónusta við kennara og stjórnendur s.s. mat á námskeiðum og ráðgjöf vegna þróunarverkefna á sviði kennslu.

Kennslumiðstöð skipuleggur og heldur styttri og lengri námskeið sem styðja við þróun kennsluhátta fyrir nýja jafnt sem eldri kennara, stjórnendur svo og fyrir nemendur sem sinna aðstoðarkennslu. Þá eru námskeið og kynningar gjarnan skipulagðar í samstarfi við einstakar deildir og/eða fræðasvið og falla þannig beint að þeirra þörfum. Yfirlit yfir námskeið og fræðslu er að finna á [heimasíðu Kennslumiðstöðar](#).

Nýjum kennurum Háskóla Íslands er skylt að ljúka námskeiði í háskólakennslufræðum. Í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands hefur Kennslumiðstöð umsjón með námsleið í háskólakennslufræðum fyrir háskólakennara. Námsleiðin er opin kennurum sem sinna háskólakennslu og er námið skipulagt sem nám með starfi. Verkefni öll og viðfangsefni eiga að nýtast kennurum beint í kennslu.

7.3. Kennarar við námsleið í lögreglufræðum

Eins og fram kemur í kafla 3 að framan (lýsingum einstakra námskeiða) hefur háskólinn þegar lagt drög að þeim námskeiðum sem hægt væri að kenna nemendum í lögreglufræðum og gengið frá því að umsjón þeirra verði í höndum fastra kennara við háskólann, þ.e. prófessora, dósentar eða lektora.

Fyrir liggur að kennsla verður að hluta í höndum umsjónarkennara og svo að hluta til í höndum þeirra stundakennara sem þeir og námsstjórnin velja til starfa að fullnægðum skilyrðum háskólans. Háskólinn tekur fram að við val á stundakennurum verður sérstaklega horft til þekkingar á starfsemi lögreglunnar og þekkingar á lögreglufræðum.

Háskólinn hefur ekki fastsett að fullu umsjón með nokkrum námskeiðum námsleiðarinnar. Þar er sérstaklega um að ræða þau námskeið sem MSSL mun annast lögum samkvæmt í samstarfi við háskólann.

8. Gæðatrygging náms í lögreglufræðum

Nám í lögreglufræði, eins og annað nám við Háskóla Íslands, mun falla undir formlegt gæðakerfi háskólans. Hér að neðan má sjá hvernig innri og ytri gæðaferlar háskólans munu tryggja gæði námsins í samræmi við Handbók Gæðaráðs háskóla. Áætlað er að önnur lota rammaáætlunar Gæðaráðs hefjist veturinn 2016-2017 og munu úttektir ráðsins þar með einnig taka til lögreglunámsins.

8.1. Innra gæðakerfi Háskóla Íslands

Gæðastefna Háskóla Íslands var samþykkt árið 2002 og starfrækir skólinn víðtækt formlegt gæðakerfi sem tekur til allra þátta starfseminnar, náms/kennslu, rannsókna/nýsköpunar og stjórnunar/stoðþjónustu.

8.1.1. Forsendur gæðakerfisins

Gæðakerfi Háskóla Íslands tekur mið af ýmsum forsendum. Helstu ytri forsendur gæðakerfisins eru:

- lög um háskóla nr. 63/2006,
- lög um opinbera háskóla nr. 85/2008,
- reglur um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum nr. 321/2009,
- reglur um viðurkenningu háskóla nr. 1067/2006,
- reglur um doktorsnám í háskólum nr. 37/2007,
- viðmið um æðri menntun og prófgráður nr. 530/2011
- rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi (e. Quality Enhancement Framework for Icelandic Higher Education), birt í Handbók Gæðaráðs háskóla (e. Quality Enhancement Handbook for Icelandic Higher Education), 2011 (önnur útgáfa væntanleg haustið 2016),
- samningur um rannsóknir og kennslu milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Háskóla Íslands,
- viðmið og kröfur aðildarríkja Bologna-ferlisins, Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area (2015).

Helstu innri forsendur gæðakerfisins eru:

- Stefna Háskóla Íslands 2016-2021,
- Stefna Háskóla Íslands um einstaka málaflokka, s.s. viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands, viðmið og kröfur um gæði meistaranáms við Háskóla Íslands, jafnréttisstefna Háskóla Íslands, siðareglur Háskóla Íslands, málstefna Háskóla Íslands o.fl.
- reglur Háskóla Íslands nr. 569/2009,
- reglur, verklagsreglur og verkferlar um einstaka þætti starfseminnar,
- kennsluskra Háskóla Íslands.

8.1.2. Markmið gæðakerfisins

Markmið gæðakerfis Háskóla Íslands er í fyrsta lagi að *tryggja* að gæði háskólastarfsins séu í samræmi við framangreindar ytri og innri forsendur og fullnægi réttmætum væntingum nemenda, starfsmanna, atvinnulífs og íslensks samfélags sem og hins alþjóðlega fræðasamfélags (e. quality assurance), í öðru lagi að *efla* með skipulegum hætti gæði starfseminnar í anda sífellds umbótastarfs (e. quality enhancement) og í þriðja lagi að stuðla að sterkri *gæðamenningu* innan Háskóla Íslands (e. quality culture).

8.1.3. Umfang gæðakerfisins

Gæðakerfið tekur til *aðfanga* (e. resources/input), m.a. með því að tryggja að háskólinn laði til sín framúrskarandi nemendur og starfsfólk, hafi trausta innviði og bjóði góða náms- og starfsaðstöðu, *ferla* (e. processes) sem taka til allra helstu þátta starfseminnar, s.s. inntöku nemenda og ráðningu kennara, eftirlit og stuðning við nemendur og starfsmenn til að stuðla að sem bestum árangri, innleiðingar nýrra námskeiða og námsleiða, skipulegrar nýtingar hæfniviðmiða, fjölbreyttra kennsluhátta, endurgjafar og námsmats o.s.frv., og *árangurs* (e. achievement/outcome), m.a. með því að stuðla með skipulegum hætti að skilvirkni í námi og árangri í vísindum og með reglubundnum mælingum á ánægju nemenda og starfsfólks og alþjóðlegri stöðu skólans skv. viðurkenndum matslistum, s.s. Times Higher Education World University Ranking.

8.2. Ytra gæðaeftirlit

Háskóli Íslands hefur hlotið viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að bjóða nám til bakkalár-, meistara- og doktorsprófs á öllum fræðasviðum sínum. Viðurkenningin var veitt að undangenginni víðtækri úttekt alþjóðlegra sérfræðinga.

Eftir tilkomu Gæðaráðs háskóla og innleiðingu rammaáætlunar ráðsins hafa allar 25 deildir Háskóla Íslands á síðustu 5 árum farið í gegnum víðtækt sjálfsmat með aðkomu erlendra sérfræðinga, fulltrúa atvinnulífs og stúdenta. Matinu lauk með því að hver deild fyrir sig gerði aðgerðaráætlun til næstu ára. Á grundvelli þessa fór Háskóli Íslands sem heild í gegnum sjálfsmat og ytra mat erlendra sérfræðinga og lauk því með því að gæðastarf skólans fékk hæstu mögulega einkunn ráðsins vorið 2015.

9. Upplýsingar um hæfnikröfur vegna inntöku á námsleiðina

Kveðið er á um inntöku nema í starfsnám hjá lögreglu í 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Þar kemur fram að umsækjendur skuli:

- a. vera íslenskir ríkisborgarar, 20 ára eða eldri,
- b. hafa ekki gerst brotlegir við refsilög, þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt er um liðið frá því að það var framið, né hafa sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem lögreglumenn verða almennt að njóta,
- c. vera andlega og líkamlega heilbrigðir og standast læknisskoðun trúnaðarlæknis samkvæmt fyrirbyggjandi kröfum sem mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu setur reglur um í samstarfi við háskóla,
- d. hafa lokið stúdentsprófi eða annarri sambærilegri menntun,
- e. samkvæmt nánari kröfum sem ráðherra setur með reglugerð, á grundvelli tillagna frá mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu, m.a. um menntun, starfsþjálfun, tungumálakunnáttu og líkamlega færni.

Í d. lið 1. töluliðar greinarinnar kemur fram að nemendur skulu hafa lokið stúdentsprófi eða annarri sambærilegri menntun. Verði lögreglufræðinámið í samstarfi við Háskóla Íslands verður það vistað í Lagadeild sem fyrr greinir og er ráðgert að sömu skilyrði um stúdentspróf gildi um það og um inntöku nemenda í grunnnám í lögfræði í deildinni, sbr. ákvæði 6. gr. [reglna nr. 319/2009 um inntökuskilyrði í grunnnám við Háskóla Íslands](#).

Við Háskóla Íslands er stúdentspróf hið almenna skilyrði en einstakar deildir geta sett frekari skilyrði og jafnframt tilgreinir hver deild sérstök aðgangsviðmið, eins og sjá má í Kennsluskrá Háskóla Íslands. Í einstaka deildum t.d. Læknadeild og Lagadeild, er fjöldatakmörkun (tiltekinn fjöldi tekinn inn ár hvert) og nemendur valdir inn á grundvelli (fjölþætts) inntökuprófs (Læknadeild) eða inntökuprófs (A-prófs) sem vegið er saman við tilteknar greinar á stúdentsprófi (Lagadeild og Hjúkrunarfræðideild). *Ekki er ráðgert að nota A-próf við mat umsækjenda um lögreglunám.*

Í samræmi við gildandi lög er jafnframt gert ráð fyrir að inntaka í starfsnám í lögreglufræðum verði háð sérstökum skilyrðum og ákvörðun Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu í samstarfi við háskólann. Háskóli Íslands gerir ráð fyrir því að inntaka í starfsnám í diplómanám í lögreglufræðum verði jafnframt forsenda fyrir því að nemandi verði skráður á námsleiðina og geti lokið diplómanáminu.

Samkvæmt almennum reglum háskólans munu nemendur sem skráðir eru á aðrar námsleiðir við skólann geta skráð sig í einstök bókleg fög í lögreglufræðum sem valfög. Þeir verða þó ekki á þeim grundvelli skráðir á þessa sérstöku námsleið eins og fyrr segir án þess að fullnægja skilyrðum fyrir inntöku í starfsnámið.

10. Upplýsingar um framkvæmd inntökuferils í lögreglufræði

Gert er ráð fyrir að námið verði auglýst sama dag og samningur um það verður undirritaður, þ.e. 1. september nk. Í auglýsingu þarf að koma fram, hvenær námið muni hefjast, inntökuskilyrði, umsóknarfrestur (tvær vikur) og gögn sem umsækjendum ber að skila með umsókn. Fram þarf að koma að fjöldi umsækjenda sem teknir verða inn í námið sé ákvörðun Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar sem annast starfsnám lögreglunema og velur nema í starfsnám í samstarfi við Háskóla Íslands. Jafnframt verði stutt lýsing á því hvernig staðið er að vali nemenda, (s.s um viðtöl og íþróttapróf) sbr. 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og hvenær ákvörðun um val á nemendum muni liggja fyrir.

Inntökuferlið verður [rafrænt með venjulegum hætti](#).

Útfæra þarf betur hvernig staðið verður að inntöku nemenda í lögreglunámið í samstarfi Háskóla Íslands og MSSL, en líklega þarf að skipta inntökuferlinu í tvö til þrjú stig.

Viðauki 1

Greinargerð Háskóla Íslands og Keilis frá 16. des. 2015

Lögreglunám við Háskóla Íslands og Keili

16. desember 2015

Háskóla Íslands og Keili hafa borist erindi frá innanríkisráðuneytinu í tengslum við áform ráðuneytisins um að endurskipuleggja lögreglunám og færa það á háskólastig. Fyrir liggja tvær skýrslur um málið, sem getið er í framangreindu erindi, og er efni þeirra lagt til grundvallar í svari Háskóla Íslands og Keilis. Háskólinn er einn stærsti hluthafinn í Keili en aðrir helstu hluthafar eru, Samband íslenskra sveitarfélaga, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf., HS orka hf. og Orkuveita Reykjavíkur.

Ljóst er að margvísleg rök mæla með því að færa lögreglunám á háskólastig. Háskóli Íslands er reiðubúinn að ganga til viðræðna um þróun háskólanáms í lögreglufræðum sem yrði við Lagadeild Háskóla Íslands. Miðað er við að námið fari að hluta fram á vettvangi Keils á Ásbrú í Reykjanesbæ. Háskólinn hefur mikið námsframboð, fræðilega breidd og akademískan styrk og góð aðstaða er til verklegrar þjálfunar og náms hjá Keili á Ásbrú. Ekki er á þessu stigi unnt að taka afstöðu til þess hversu stór hluti námsins verður á hvorum stað né hver skiptingin verður á milli fræðilegra og verklegra þátta. Áður en til þess kemur verða meginlinur um skipulag námsins að liggja fyrir í samráði við fyrirhugað mennta- og þróunarsetur löggæslunnar.

Mikilvægt er að sú sérþekking sem skapast hefur í kennslu í greininni hjá Lögregluskóla Íslands nýtist sem allra best við útfærslu hins nýja náms og að sótt verði í smiðju til kennara Lögregluskólans. Fagleg gæði námsins byggjast m.a. á því að unnt verði að ráða kennara sem hafa starfað í lögreglunni og æskilegt er að dagleg stjórn og umsýsla námsins verði í höndum kennslustjóra sem hefur lokið lögreglumenntun.

Mikilvægt er að vandað verði til verka við mótun og þróun námsins og að því verði unnið í nánú samstarfi við núverandi stjórnendur Lögregluskólans, fulltrúa ríkislögreglustjóra og innanríkisráðuneytið. Í því skyni er brýnt að leiða saman háskólafólk og sérfræðinga í lögreglunámi við undirbúninginn.

Lagt er til að ráðinn verði tímabundið (án auglýsingar) umsjónarmaður náms í lögreglufræðum og skipuð bráðabirgðanámsstjórn er hafi það hlutverk að móta námið og skipuleggja einstök námskeið með það fyrir augum að unnt verði að taka inn nemendur í lögreglunám á háskólastigi haustið 2016. Í bráðabirgðanámsstjórn sitji auk umsjónarmanns námsins, sem yrði formaður, sex fulltrúar, tveir frá Háskóla Íslands, einn frá Keili og þrír frá innanríkisráðuneyti eða eftir atvikum ríkislögreglustjóra. Miðað er við að bráðabirgðanámsstjórn taki til starfa í byrjun janúar 2016.

Í erindi innanríkisráðuneytisins er vikið að nokkrum sértækum spurningum:

1. Samstarf við fyrirhugað mennta- og þróunarsetur löggæslunnar MSSL

Ein grunnforsenda háskólans og Keilis er náíð samstarf við lögreglufræðingum og áhersla er lögð á að nám í lögreglufræðum verði undirbúið, þróað og stjórnað með grunnhagsmuni löggæslunnar í huga.

Verði MSSL sett á laggirnar blasir við að setrið taki virkan þátt í mótun, þróun, rekstri og stjórnun námsins. Ljóst er að nám í lögreglufræðum við Háskóla Íslands verður eins og hvert

annað nám á ábyrgð háskólans og mun lúta þeim almennu reglum sem um nám við háskólann gildir. Þar sem fyrir liggur að um væri að ræða samstarfsverkefni háskólans, fyrirhugaðs mennta- og þróunarseturs löggæslunnar og Keilis er af hálfu háskólans, að svo stöddu, gert ráð fyrir að námi í lögreglufræðum yrði skipað í sérstaka þverfræðilega námsleið (programme) sem vistuð yrði innan Lagadeildar og eftir atvikum yrði náíð samstarf við aðrar deildir háskólans um einstök námskeið. Fagleg ábyrgð yrði á hendi Lagadeildar og mótun, þróun og umsýsla námsins yrði í höndum bráðabirgðanámsstjórnar. Er fram líða stundir gæti námsleiðinni síðan verið skipað í sérstaka námsbraut innan Lagadeildar, en skv. reglum háskólans fer námsbraut í umboði deildarfundar með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í námsbraut og gerir tillögur til deildarforseta um ráðningu stundakennara, svo og um nauðsynlegar fjárveitingar og ný störf. Í námsbrautarstjórn eiga sæti þeir starfsmenn í kennslugreinum hennar sem seturétt eiga á deildarfundi og enn fremur fulltrúar stúdenta.

Rétt er að benda á að Háskóli Íslands reiðir sig að jafnaði umtalsvert á stundakennara úr atvinnulífinu. Það er bæði mikilvægt til að treysta tengsl námsgreina við vettvang sinn og ekki síður til að færa nauðsynlega sérfræðiþekkingu inn í námið.

2. Kostnaður

Erfitt er að áætla hvað nám í lögreglufræðum kostar nákvæmlega áður en fyrir liggur hve stór hluti námsins verður verklegur. Ljóst er þó að lögreglunámið verður skipulagt með svipuðu sniði, hvað verklega þáttinn varðar, og nám í t.d. hjúkrunarfræði eða jafnvel læknisfræði. Fram hefur komið að miðað verði við að brautskráðir verði 30 til 40 lögreglumenn árlega. Gert er ráð fyrir umfangsmiklum verklegum hluta í flest öllum námskeiðum, sem krefjast mun lítilla hópa og náinnar handleiðslu. Áætla má, útfrá reynslu Háskóla Íslands af kennslu slíkra námskeiða, að gera verði ráð fyrir 120 til 200 tímum í 12 til 15 nemenda hópum og 65 til 80 tímum í 2 til 3 nemenda hópum. Á grundvelli þeirra forsendna má gera ráð fyrir að árlegur kostnaður við hvert nemendaígildi, samkvæmt reiknilíkani mennta- og menningarmálaráðuneytisins, yrði á bilinu 1.500 þús. til 2.000 þús. í þeim hluta námsins sem kenndur yrði við Háskóla Íslands. Þar til viðbótar er gert ráð fyrir verklegri kennslu við Keili, en erfitt er að meta kostnað við hana á þessu stigi. Rétt er að hafa í huga að ef brautskrá á 30 til 40 nemendur árlega, þarf 60 til 80 nemendaígildi á ári, miðað við tveggja ára nám, en 90 til 120 nemendaígildi, miðað við þriggja ára nám.

Fjárhagsstaða Háskóla Íslands er mjög þröng. Þess vegna er nauðsynlegt að gera fyrirvara um tryggða fjármögnun áður en endanleg ákvörðun verður tekin af hálfu Háskóla Íslands.

3. Hvaða leiðir eru taldar bestar til að tvinnna saman fræðilegt nám og verklega þjálfun?

Vel kemur til greina að námið verði skipulagt þannig að fyrstu tveimur árunum ljúki með diplómu (sérstakt prófskírteini, diploma, fyrir sjálfstætt fullnaðarpróf að loknu styttra grunnnámi) sem veiti starfsréttindi á grunnstarfsstigi lögreglumanns. Vegna eðlis þessa náms virðist nauðsynlegt að námið og einstök námskeið verði blandað strax frá byrjun, þar sem fræðilegt nám og verkleg þjálfun fari saman. Keilir hefur yfir að ráða mjög góðri aðstöðu til verklegrar þjálfunar.

Í hugmyndum nefndar um framtíðarskipan lögreglunáms kemur fram að reiknað er með umtalsverðri þjálfun verklegra þátta, bæði vegna líkamlegs atgervis sem og sérhæfðs verklags. Svæðið á Ásbrú og umhverfis Keflavíkurflugvöll er kjörið til slíkra verka. Bæði vegna þess að þegar er aðstaða þar til staðar og mikið notuð m.a. af Ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæslunni o.fl. Gildir þá einu hvort um er að ræða skotæfingasvæði, köfun (Helguvík), hraðakstur, gíslatöku, innför í hús o.s.frv. Aðstaða til þess er á Ásbrú, ýmist á opnum eða lokuðum svæðum. Líklega er hvergi annars staðar á landinu um sambærilega aðstöðu að ræða.

Háskóli Íslands leggur áherslu á að í fræðilegum námskeiðum sé lögð áhersla á beitingu þekkingar og að það sé t.d. unnið með raunhæf verkefni, dæmi af vettvangi og þess gætt að hin fræðilega þekking sé nýtt til að leysa hagnýt verkefni. Þannig sé fæðilegi þátturinn í raun tengdur við starfið jafnóðum með slíkum verkefnum. Verknámið sem snýr að þjálfun yrði einnig tengt fræðilega náminu og gæta þarf að því að starfsþjálfun þarf einnig að vera með skýra tengingu við hin fræðilegu námskeið (og því mikilvægt að starfsþjálfunarkennarar á vettvangi þekki efni þeirra og uppbyggingu námsins). Talsverð þekking er fyrirbyggjandi í ýmsum deildum háskólans sem sinna starfsnámi um hvernig samþætta má fræði og starfsvettvang í kennslu.

Einnig er mikil reynsla af því hvernig tengja má starfsþjálfun og hin fræðilegu námskeið. Sem dæmi má nefna starfsþjálfun í félagsráðgjöf sem fer fram á tveimur tímabilum, hið síðara er eitt misseri. Ákveðinn kennari stýrir starfsþjálfuninni og sér um að ráðstafa nemum í hana og ráða starfsþjálfunarkennara. Hann sér einnig um námskeið fyrir starfsþjálfunarkennara, en slíkt námskeið er skilyrði þess að fá að leiðbeina nema í starfsþjálfun. Þess er gætt að nemendur fá verkefni við hæfi í starfsþjálfun, að í henni reyni á alla þætti starfsins, að verkefnin stigþyngist og að það reyni á sjálfstæði nema í starfi. Unnið er samkvæmt starfsþjálfunarhandbók þar sem skilgreindir eru þeir þættir sem reyna þarf á í starfsþjálfuninni. Nemandinn fær handleiðslu hjá starfsþjálfunarkennara að minnsta kosti einu sinni í viku. Kennarar koma reglulega á málstofur í Háskólanum og ræða stöðu starfsþjálfunarnemanna, styrk- og veikleika. Kennarar á vettvangi meta stöðu nemans og umsjónakennari starfsþjálfunar heimsækir alla nemendur og handleiðslukennara á starfsþjálfunartímabilinu. Starfsþjálfunarkennarar meta að lokum frammistöðu nemandans með sérstakri matsskýrslu sem byggist á áður nefndri handbók.

Rétt er að geta þess að nemendur í starfsþjálfun á vegum Háskóla Íslands eru ekki í launuðu starfi. Nemendur í t.d. heilbrigðisvísindum hafa á hinn bóginn að jafnaði greiðan aðgang að launuðum sumarstörfum á vettvangi.

3.1 Nánar um aðstöðu Keilis á Ásbrú

Óhætt er að fullyrða að erfitt er að finna jafn góða aðstöðu til verklegar þjálfunar og kennslu í lögreglufræðum og er að finna á Ásbrú og í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Ásbrú er fyrrum varnarsvæði. Þar eru um 2.000 íbúðir og í raun allir helstu innviðir sem sínum tíma þurfti fyrir um 6.000 manna samfélag. Flest mannvirkin eru í eigu ríkisins og fer Kadeco (Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar), einn eiganda Keilis, með umsjón þeirra. Svæðið er nú, eins og greint er frá að framan, þegar mikið notað til þjálfunar lögreglumanna og er svæðið nýtt af embætti Ríkislögreglustjóra og af Landhelgisgæslunni til sérþjálfunar á ýmsum sviðum. Einn kostur svæðisins er sá að hluti þess er girtur og ekki ætlaður almenningi enda er æskilegt að æfingar eins og skotæfingar og hraðakstur fari fram á afmörkuðu svæði með takmörkuðum aðgangi.

Eins og bent hefur verið á er háskólinn stærsti hluthafinn í Keili og nú þegar eru tvær námsbrautir til BSc. gráðu við Háskóla Íslands kenndar í aðstöðu á vettvangi Keilis, mekatróník hátæknifræði og orku- og umhverfistæknifræði. Eins og áður hefur verið nefnt fer það eftir endanlegri útfærslu lögreglunámsins hver yrði skipting á milli fræðilegs og verklegs náms, en fyrir liggur að mikill hluti verklegu kennslunnar mun fara fram á Ásbrú. Þar er glæsileg íþróttaaðstaða í Sporthúsinu, auk þess sem ein námbrauta á vegum Keilis er ÍAK einkaþjálfun, sem gæti nýst við lögreglunáminu.

4. Fjarnám

Varðandi möguleika á fjarnámi þá er nokkuð snúið að koma því við í námi þar sem fléttað er saman verklegum æfingum og þjálfun við fræðilega hluta námsins. Slíkir kennsluhættir kalla á virka þátttöku nemenda í náminu og t.d. er víða gerð krafa um mætingarskyldu í starfsnámi við Háskóla Íslands. Leggja mætti þess í stað áherslu á að starfsþjálfun verði við öll

lögregluembætti og að nemendur verði hvattir til að taka hluta hennar utan höfuðborgarsvæðisins. Einstök almenn inngangsnámskeið mætti þó kenna í fjarnámi.

5. Tenging lögreglunáms við annað nám innan háskólans

Háskóli Íslands er elsti og lang stærsti háskóli landsins, þar stunda nú tæplega 14.000 nemendur nám á öllum námsstigum, eða um 70% af heildarfjölda nemenda í íslenskum háskólum⁴. Háskólinn skiptist í 5 fræðasvið og 25 deildir og hefur hann, einn hérlendra háskóla, heimild til að brautskrá doktora á öllum fræðasviðum sínum. Við háskólann eru yfir 400 námsleiðir í boði, að meðtöldum öllum aukagreinum, samstofna bakkalárleiðum til 120 og 180 ein., diplómum og viðbótarprófum. Breidd námsframboðs við Háskóla Íslands skapar honum mikla sérstöðu og gerir nemendum hans kleift að sækja sér mjög fjölbreytt nám.

Í tengslum við hugmyndir um nýja skipan lögreglunáms á háskólastigi skapar þetta breiða námsframboðs við Háskóla Íslands mikil tækifæri í þróun sérhæfðra námsleiða fyrir þá nemendur sem hyggjast ljúka bakkalárgráðu í lögreglufræðum (þriðja árið). Mögulegt væri að þróa, í samvinnu við ýmsar deildir innan skólans, sérhæfðar línur og sérhæfð námskeið fyrir lögreglunema. Þar má nefna sérhæfðar línur á sviði:

- Afbrotufræði
- Efnahagsbrotufræði
- Félagsfræði
- Félagsráðgjafar
- Heilbrigðisvísinda
- Lögfræði
- Opinberrar stjórnsýslu
- Raungreina
- Rekstrarfræði
- Sálfræði
- Tölvunarfræði
- Upplýsingatækni
- Verkefnastjórnunar

Þá býður þessi breidd sömuleiðis upp á fjölmörg námstækifæri fyrir lögreglumenn sem vilja afla sér framhaldsmenntunar á ólíkum sviðum lögreglustarfsins. Skólinn býður einnig upp á, í tengslum við Endurmenntun Háskóla Íslands, fjölmörg námskeið og fyrirlestra fyrir þá sem sækja sér sí- og endurmenntun og eru mikil tækifæri falin í samstarfi skólans, Endurmenntunar Háskóla Íslands og þessa nýja náms í samvinnu við lögregluna og mennta- og starfsþróunarsetur löggæslunnar.

6. Mat á fyrra námi

Gæta þarf að því við nýskipan námsins að fara sérstaklega yfir að hvaða leyti nemendur sem lokið hafa námi skv. eldri skipan í Lögregluskólanum geti fengið metið hluta þess náms inn í hið nýja nám. Það komi skýrt fram í inntökuskilyrðum í hið nýja og breytta nám sem felld yrðu inn í reglur Háskólans um inntökuskilyrði í grunnám.

7. Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrði í LSR gætu vel átt við nám á háskólastigi. Reglur um inntökuskilyrði í grunnám við Háskóla Íslands er að finna á slóðinni:

http://www.hi.is/adalvefur/reglur_um_inntokuskilyrði_i_grunnam

⁴ Háskólar og vísindi á Íslandi. Þróun og staða. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015.

Rétt er að nefna að þessar reglur eru nú í endurskoðun með hliðsjón af aðalnámsskrá framhaldsskóla frá 2011 sem er að fullu innleidd á þessu ári (2015) í nær öllum framhaldsskólum landsins. Stúdentspróf er hið almenna skilyrði en einstakar deildir setja frekari skilyrði og jafnframt tilgreinir hver deild sérstök aðgangsviðmið, eins og sjá má í Kennsluskrá Háskóla Íslands. Í einstökum deildum, t.d. Læknadeild og Lagadeild, er fjöldatakmörkun (tiltekinn fjöldi tekinn inn ár hvert) og nemendur valdir inn á grundvelli (fjölþætts) inntökuprófs (Læknadeild) eða inntökuprófs (A-prófs) sem vegið er saman við tiltekna greinar á stúdentsprófi (Lagadeild).

8. Framhaldsmenntun, endurmenntun og mögulegt meistaranám

Sem fyrr er greint leggur háskólinn ríka áherslu á samráð við MSSL og félag lögreglumanna um mótun og þróun lögreglunámsins. Hið sama á við um mögulegt framhaldsnám að loknu bakkalárprófi, ef til kemur. Þá er einnig mikilvægt að tryggja starfandi lögreglumönnum aðgengi að sambærilegum námskeiðum og þeim sem verða í boði í hinu nýja námi til að tryggja jafnræði milli nýútskrifaðra og þeirra sem eldri eru í starfi, sbr. lið 6.

Háskóli Íslands hefur umtalsverða reynslu af því að færa nám með nýrri skipan á háskólastig, þar má nefna kennaranám, hjúkrunarfræðinám, geislagreiningu (röntgen), lífeindafræði (meinatækni), leikskólakennaranám og þroskaþjálfanám. Við slíkan flutning er afar brýnt að huga vel að skipulegri endurmenntun starfsmanna sem ekki hafa háskólapróf.

Þá má geta þess að Keilir þjónar í dag nokkrum fyrirtækjum sem hafa starfsstöðvar dreifðar um landið. Þjónustan felst ekki síst í því að skipuleggja endurmenntun þannig að nemendur þurfi sem minnst að leggja land undir fót. Með þeirri tækni, sem Keilir hefur þróað, hafa þessi markmið náðst en um leið hefur sveigjanleiki í endurmenntun verið aukinn. Þessi þáttur í starfi Keilis gæti nýst vel í endurmenntun fyrir þá starfandi lögreglumenn sem ekki hafa háskólamenntun.

Áður en hugað verður að mögulegu meistaranámi í lögreglufræðum þarf að byggja upp traust grunnnám sem þjónar vel markmiðum löggæslunnar í landinu og stenst alþjóðlegan samanburð um gæði kennslu og náms. Þegar þessu markmiði hefur verið náð og grunnnámið hefur fest sig í sessi er fyrst tímabært að huga að meistaranámi í greininni.

Viðauki 2

Staðfesting á viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins á fræðasviði félagsvísinda við Háskóla Íslands

Meðfylgjandi viðurkenning fyrir félagsvísindi staðfestir hæfisskilyrði Háskóla Íslands, sbr. valferlisgögn. Staðfesting á fræðasviði félagsvísinda tekur einnig til menntavísinda og þar með talið til íþróttافرæðinnar.



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mnrn.stjr.is
www.menntamalaraduneyti.is

Kristín Ingólfssdóttir, rektor
Háskóli Íslands
Sæmundargötu 6
101 Reykjavík

HÁSKÓLI ÍSLANDS	
Bréfalykill: 0051	Ábm.: PK
Fylgiskjöl:	
Móttekið: 22. APR 2009	
Málsnúmer: HÍ 06100122	

Reykjavík 22. apríl 2008
Tilv.: MMR07100353/10.2-

Efni: Viðurkenning menntamálaráðherra á fræðasviði félagsvísinda við Háskóla Íslands

Menntamálaráðherra staðfestir hér með að Háskóli Íslands uppfyllir þau skilyrði sem sett eru fram í lögum um háskóla nr. 63/2006 og reglum um viðurkenningu háskóla nr.1067/2006. Háskóli Íslands öðlast því viðurkenningu ráðherra í eftirgreindum undirflokkum fræðasviðs félagsvísinda, lögfræði, viðskipta- og hagfræði, sálfræði, félagsfræði, uppeldis- og menntunarfræði, stjórn málafræði, fjölmiðlafræði og önnur félagsvísindi.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Viðauki 3

Drög að reglum um diplómanám í lögreglufræðum

Hér er um að ræða fyrstu hugmyndir að reglum fyrir námið. Þessi frumdrög fylgja með til glöggvunar, en þau varpa ljósi á það hvernig Háskóli Íslands hyggst koma náminu fyrir innan Lagadeildar og tryggja faglega stjórn þess. Í drögunum má enn fremur sjá hvernig ráðgert er að bregðast við stuttum fyrirvara til að koma lögreglunámi á fót, eins og sjá má í bráðbirgðaákvæðum regludraganna.

REGLUR um diplómanám í lögreglufræðum. **DRÖG 22. JÚLÍ 2016**

1. gr.

Markmið diplómanáms í lögreglufræðum.

Markmið námsins er að koma til móts við þarfir samfélagsins um rannsóknir og kennslu í lögreglufræðum með því að mennta og brautskrá nemendur í greininni. Þeir skulu hafa öðlast hæfni til að fást við löggæsluverkefni samtímans og hafa tileinkað sér þann fræðilega grunn og þjálfun sem þarf til þess og til að aðlagast fjölbreyttum löggæsluverkefnum framtíðar.

2. gr.

Stjórn og ábyrgð námsins.

Diplómanám í lögreglufræðum er [þverfræðileg] námsleið vistuð innan Lagadeildar Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands og eru akademískir þættir námsins á ábyrgð Háskóla Íslands.

Fagleg stjórn námsins er að öðru leyti á ábyrgð sérstakrar námsstjórnar sem rektor skipar til þriggja ára í senn. Stjórnin er skipuð sex fulltrúum. Rektor tilnefnir einn fulltrúa og skal hann vera formaður stjórnar, Lagadeild tilnefnir tvo fulltrúa, Keilir einn fulltrúa og Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu tvo. Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum. Falli atkvæði jöfn við atkvæðagreiðslu í stjórn sker atkvæði formanns úr. Í námsstjórn skulu sitja bæði karlar og konur og skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé ekki minna en 40%.

Verkefnisstjóri samkvæmt 3. gr. skal sitja fundi stjórnar en hefur ekki atkvæðisrétt.

Fulltrúi þeirra nemenda sem skráðir eru í námið á hverjum tíma hefur rétt til þess að sitja fundi stjórnarinnar nema annað leiði af eðli einstakra mála sem á dagskrá eru hverju sinni.

Hlutverk námsstjórnarinnar er einkum:

- a. að tryggja að fræðileg gæði diplómanámsins uppfylli markmið þess,
- b. að tryggja að framkvæmd einstakra þátta námsins uppfylli markmið þess,
- c. að meta reglulega námið og hvort þörf er á að endurskoða einstaka þætti þess,
- d. að semja námsskrá fyrir námið,
- e. að undirbúa breytingar á náminu og einstökum þáttum þess eins og þörf er á.

3. gr.

Verkefnisstjóri.

Dagleg umsjón diplómanáms í lögreglufræðum er á ábyrgð verkefnisstjóra. Verkefnisstjóri skal að jafnaði vera kennari (lektor, dósent eða prófessor) í lögfræði. Ef því verður ekki við komið skal hann a.m.k. hafa lokið meistaraþrófi í lögfræði, vera sérfræðingur

á sviði sem fellur undir diplómanámið og hafa starfsreynslu á sviðinu og stundað rannsóknir því tengdar eða framhaldsnám á því.

Starf verkefnisstjóra er skilgreint samkvæmt nánari ákvörðun námsstjórnar. Verkefnisstjóri er starfsmaður Lagadeildar og hefur vinnuaðstöðu í húsnæði háskólans. Verkefnisstjóri getur haft kennsluskyldu við diplómanámið samkvæmt nánari ákvörðun námsstjórnar.

Að öðru leyti er hlutverk verkefnisstjóra að tryggja að framkvæmd námsins sé í samræmi við markmið þess og ákvarðanir námsstjórnar.

Verkefnisstjóri ber ábyrgð á að undirbúa fundi námsstjórnar í samráð við formann.

Skrifstofa Félagsvísindasviðs háskólans sér um umsýslu námsleiðarinnar og aðstoðar verkefnisstjóra og veitir að auki nemendum nauðsynlega aðstoð eins og við á hverju sinni.

4. gr.

Inntökuskilyrði, umsóknafrestur og meðferð umsókna.

Umsækjandi í diplómanám í lögreglufræðum skal hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegum prófi frá erlendum skóla. Þá nægir lokapróf frá frumgreinadeild Keilis (háskólabró) til inngöngu. Æskilegur undirbúningur er stúdentspróf af bóknámsbraut eða jafngilt nám, með áherslu á kunnáttu og færni í íslensku máli og ensku. Til viðbótar framangreindum skilyrðum gilda skilyrði 38. gr. lögreglugaga nr. 90/1996, ásamt síðari breytingum, um val á nemum í starfsnám lögreglunema.

Umsóknafrestur fyrir diplómanám í lögreglufræðum er sá sami og fyrir annað grunnnám við Háskóla Íslands. Um meðferð umsókna gilda annars vegar almennar reglur háskólans og hins vegar ákvæði 38. gr. lögreglugaga nr. 90/1996 með síðari breytingum.

Með samþykki háskólaráðs er heimilt að takmarka þann fjölda sem samþykktur er í diplómanám í lögreglufræðum.

5. gr.

Uppbygging, einingafjöldi og tímalengd náms.

Diplómanám í lögreglufræðum er tveggja ára nám á háskólastigi og veitir lokapróf frá Háskóla Íslands á fyrsta háskólaþrepi (1.1) og er a.m.k. 120 ECTS einingar.

Námið er fjögur misseri og hefst að hausti. Upplýsingar um nánara innihald og skipulag námsins er að finna í náms- og kennsluskrá.

6. gr.

Kröfur til umsjónarkennara námskeiða.

Umsjónarkennari námskeiða skal að jafnaði vera kennari (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi grein. Ef því verður ekki við komið skal umsjónarkennari námskeiðs a.m.k. hafa lokið meistaraprófi, vera sérfræðingur á viðkomandi sérsviði diplómanámsins eða tengdu sviði og hafa starfað við það um árabíl eða stundað rannsóknir því tengdar.

7. gr.

Tengsl við aðrar stofnanir.

Námsstjórn skipuleggur hluta diplómanámsins í samvinnu við Mennta- og starfsþróunarsetur sem starfa innan embættis ríkislögreglustjóra, sbr. ákvæði lögreglugaga nr. 90/1996, með síðari breytingum, og Keili.

8. gr.

Prófskírteini, diplóma.

Nemandi sem staðist hefur námskröfur diplómanámsins telst hafa lokið diplómanámi í lögreglufræðum. Veitt er sérstakt prófskírteini, *diplóma*, þessu til staðfestingar.

9. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði með heimild í 1. mgr. 22. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og í samræmi við 8. mgr. 97. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands. Reglurnar hafa verið samþykktar af viðkomandi háskóladeildum.

Reglurnar öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða 1.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. verður umsóknafrestur vegna náms sem hefst haustið 2016 auglýstur sérstaklega.

Ákvæði til bráðabirgða 2.

Þar til námsstjórn samkvæmt 2. gr. hefur verið skipuð fer bráðabirgðanámsstjórn diplómanámsins með undirbúning námsins. Bráðabirgðanámsstjórn skal skipuð sex fulltrúum í samræmi við ákvæði 2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða 3.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er heimilt að ráða tímabundið án auglýsingar verkefnisstjóra diplómanámsins.

Viðauki 4

Nánari upplýsingar um hugmyndir háskólans um möguleika á áframhaldandi þróun á lögreflufræðinámi innan Háskóla Íslands

Leið 1.

Að tveggja ára diplómanámi loknu stæði til boða að bæta við þriðja árinu í lögreflufræði og útskrifast sem lögreflufræðingur með bakkalárgráðu (BA).

Þetta viðbótarnám stæði öllum þeim til boða sem lokið hafa diplómu í lögreflufræðum.

Viðbótarnámið, eða þriðja árið, væri skipulagt með þeim hætti að hver nemandi velur sér sérhæfingarleið sem væri 45 ECTS einingar (ca. 6-8 námskeið) og gæti skipst í:

- **Sérhæfingu í áfengis- og vímuefnamálum** þar sem nemandi fengi kennslu í áfengis- og vímuefnamálum frá tveimur hliðum, annars vegar félagslegri og sálfræðilegri hlið neyslu slíkra efna og samfélagslegra áhrifa neyslunnar og hins vegar kennslu í raunvísindahlið vímuefnanna, svo sem hinni efnafræðilegu.
 - Hér gæti lögreflumaðurinn valið sér námskeið úr Félagsráðgjafardeild, Félagsfræðideild, Sálfræðideild, Efnafræðideild, Lyfjafræðideild og Matvæla- og næringarfræðideild.
 - Námskeiðin sem kæmu til greina eru t.d.: Áfengis og vímuefnamál, Afbrotafræði, Félagsfræði frávíkshæðunar, Geðheilsufélagsfræði, Félagssálfræði, Félagsráðgjöf og íslenskt þjóðfélag, Félagsmálalöggjöf I: framkvæmd og beiting, Réttarfélagsráðgjöf, Atvinnuleysi og afleiðingar þess, Efnagreining, Verkleg efnafræði I, Verkleg efnafræði II, Eðlisefnafræði, Almenn efnafræði I, Almenn efnafræði II, Lífræn efnafræði o.fl.
- **Sérhæfingu í efnahagsbrotamálum** þar sem nemandi öðlast nægilegan grunn í viðskipta- og efnahagsmálum til að geta tekið virkan þátt í rannsókn slíkra mála.
 - Hér gæti nemandi valið sér námskeið úr Viðskiptafræðideild, Hagfræðideild, Lagadeild og Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild.
 - Námskeiðin sem kæmu til greina í slíka námsleið eru t.d.: Inngangur að fjárhagsbókhalddi, Rekstrarhagfræði, rekstrarbókhalddi, Reikningsskil, Tölfræði A, Stærðfræði A, Almenn viðskiptalögfræði, Fjármál I, Fjármál II, Einstaklingsskattaréttur, Þættir úr fjármálalögfræði, Ársreikningagerð A, Ársreikningagerð B, Fjármálagerningar, Rekstrarfræði, Haglýsing, Hagrannsóknir, Rekstrarhagfræði, Fjármálahagfræði, Bankar og peningar o.fl.
- **Sérhæfingu í fjölskyldu- og barnaverndarmálum**
 - Hér gætu staðið til boða námskeið úr Félagsfræðideild, Sálfræðideild og Félagsráðgjafardeild.
 - Námskeiðin sem nemendum standa til boða þar eru t.d.: Fjölskyldur og fjölskyldustefna, Geðheilsufélagsfræði, Félagsfræði frávíkshæðunar, Tölfræði I, Félagsfræði fjöldahreyfinga: grasrótarstarf, mótmæli og byltingar, Afbrotafræði, Áfengis- og vímuefnamál, Karlar og karlmennska, Félagssálfræði, Kenningar um mannlega hegðun, ytri og innri mótunarþættir, Stjúpfjölskyldur: skilnaður og endurgerð fjölskyldusamskipta, Ofbeldi og vanræksla í fjölskyldum, Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði, Áföll, sorg og sálræn

skyndihjálþ, Fjölmeningarfélagsráðgjöf, Fatlaðir og samfélagið, Hinseginlíf og hinseginbarátta, Kyn, fjölmening og margbreytileiki, Flóttafólk og hælisleitendur o.fl.

- **Sérhæfingu í mannauðsstjórnun** en þar væri lögð áhersla á mannauðs-, fjölda- og vettvangsstjórn í starfi lögreglumannsins.
 - o Námskeiðin sem gætu nýst koma m.a. úr Félagsfræðideild, Viðskiptafræðideild, Hagfræðideild og Félagsráðgjafadeild.
 - o Námskeiðin eru t.d.: Verkefnastjórnun, Stefnumótun fyrirtækja, Inngangur að mannauðsstjórnun, Vinnumarkaðurinn og þróun hans, Stjórnun og skipulagsheildir, Tjáning og samskipti, Inngangur að stjórnun, Áföll sorg og sálræn skyndihjálþ, Kenningar um mannlega hegðun, ytri og innri mótunarþættir, Teymi og þverfaglegt samstarf, Stjórnun o.fl.
- **Sérhæfingu lögreglutækni og rannsóknum**
 - o Hér gætu háskólinn og lögreglan unnið saman að þróun námsleiðar fyrir verðandi tæknideildarmenn lögreglunnar. Háskólinn býður uppá mjög vítt námsúrval sem gæti nýst í því tilfelli. Deildir sem kæmu til greina eru t.d. Lyfjafræðideild, Hjúkrunarfræðideild, Raunvísindadeild, Matvæla- og næringarfræðideild, Líf- og umhverfsvísindadeild o.fl.
- **Sérhæfingu í rekstri lögregluembætta** en þar væri lögð áhersla á nám í rekstri opinberra stofnana og eininga í samvinnu við nám í opinberri stjórnsýslu (MPA) Stjórn málafræðideildar.
 - o Námskeið sem gætu nýst koma m.a. úr Viðskiptafræðideild, Hagfræðideild, Stjórn málafræðideild og verkfræðideildum háskólans.
 - o Námskeiðin eru t.d.: Verkefnastjórnun, Stefnumótun fyrirtækja, Inngangur að mannauðsstjórnun, Vinnumarkaðurinn og þróun hans, Stjórnun og skipulagsheildir, Rekstrarhagfræði, markaðsbrestir, og ríkisafskipti, Opinber stjórnsýsla, Skipulag og stjórnun stofnana, Stjórntæki hins opinbera, Stjórnsýsluréttur fyrir stjórnendur og starfsmenn opinbera stofnana, Mannauðsstjórnun ríkis og sveitarfélaga, Stefnumiðuð almannatengsl, Stjórnun og rekstur félagasamtaka, Netið, hið opinbera og almenningur, Fjármál og fjármálastjórnun hins opinbera, Starfsumhverfi og stjórnun sveitarfélaga, Stefnumótun stofnana, Þróun mannauðs, Mat á árangri og framkvæmd stefnu, Forysta og breytingastjórnun í opinberum rekstri – hlutverk stjórnenda, Starfsmanna- og vinnuréttur, Tjáning og samskipti, Inngangur að stjórnun, Áföll sorg og sálræn skyndihjálþ, Kenningar um mannlega hegðun, ytri og innri mótunarþættir, Teymi og þverfaglegt samstarf, Stjórnun o.fl.
- **Sérhæfingu í þjálfun og íþróttufræðum** en þar væri t.d. lögð áhersla á að þekkja líkamann, þjálfun hans, lífeðlisfræði líkamsuppbyggingar o.s.frv.
 - o Námskeið sem hér gætu átt við kæmu úr Íþrótt- og tómsundafræðideild háskólans.
 - o Námskeiðin eru t.d.: Lífeðlisfræði, Líffærafræði, Inngangur að íþrótt- og heilsufræði, Sundtækni og björgun, Sundkennsla og skyndihjálþ, Hreyfingafræði, Líkams- og heilsurækt, Íþróttir og samfélag, Eigindlegar íþróttarannsóknir og siðfræði, Íþróttasálfræði o.fl.
- **Sérhæfingu í almannatengslum** en almannatengsl lögreglunnar hafa bersýnilega orðið mikilvægari á undanförunum árum. Háskólinn býður í dag upp á meistaranám í opinberri stjórnsýslu með áherslu á almannatengsl og námskeið á þeirri námsleið gætu nýst fyrir lögreglumenn sem ætla sér í sérhæfðara lögreglufraeðinám.

Á seinna misseri þessa þriðja árs myndi nemandinn vinna 15 ECTS eininga BA rannsóknaverkefni þar sem viðkomandi sérhæfingarleið væri ofin saman við bakgrunn nemandans í lögreglunni.

Leið 2.

Að undangenginni reynslu á 120 ECTS eininga diplómanámi í lögreglufræðum við háskólann myndi skólinn vinna með MSSL að þróun þriggja ára BA náms þar sem starfsnám kæmi inn í sterkari mynd.

Í þessari hugmynd felst að annaðhvort annað árið (eins og gert er í Noregi), eða þriðja árið, yrði eiginlegt starfsnám undir leiðsögn reynds lögreglumanns og færi fram á lögregluembætti. Hugsanlega mætti meta slíkt nám til 45 eininga og að gert væri 15 eininga BA rannsóknarverkefni í lok náms.

Svo meta megi starfsnám við embætti þarf að þróa matskerfi og handbækur svo hlutverk leiðbeinanda og nemanda verði ljóst.

Jafnframt myndi háskólinn og lögreglufræðinámsleiðin þróa námskeið fyrir verðandi leiðbeinendur lögreglunema í starfsnámi þar sem þeir fengju kennslu í matskerfi, undirstöðu í kennslufræðum o.s.frv.

Leið 3.

Í framhaldi af BA námi í útfærslu leiðar 2 hér að ofan, væri hægt að þróa MA nám í lögreglufræðum og byggja það á sérhæfingarleiðum sem nefndar eru í leið 1.

Slíkt meistaranám væri þverfræðilegt og byggði á þörfum og kröfum lögreglunnar um nauðsynlega þekkingu lögreglumanna í starfi, en væri akademískara og vísindalegra. Það nám myndi byggja á rannsóknar- og vísindastarfi í fræðigreininni og væri alfarið hýst innan háskólans.